

*Mat á þáttöku Íslendinga
í Leonardo da Vinci-
starfsmenntaáætlun ESB*

1995-1999

**Mat á þáttöku Íslendinga í Leonardó da Vinci-
starfsmenntaáætlun ESB 1995-1999**

*Menntamálaráðuneytið
Nóvember 2000*

Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir 20

Nóvember 2000

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun: XYZETA ehf.

Prentun: Svansprent ehf.

Umbrot og
textavinnsla: Menntamálaráðuneytið.

© 2000 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-62-X

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|-----------|
| INNGANGUR..... | 4 |
| 1. FRAMKVÆMD OG SKIPULAG LEONARDÓ-ÁÆTLUNARINNAR Á ÍSLANDI..... | 6 |
| INNGANGUR | 6 |
| 1.1 SKIPULAG FRAMKVÆMDAR..... | 7 |
| 1.2 FRAMKVÆMD LEONARDÓ-ÁÆTLUNARINNAR..... | 9 |
| 2. ÁHRIF LEONARDÓ-ÁÆTLUNARINNAR Á ÍSLANDI..... | 16 |
| 2.1 UMFANG OG HELSTU EINKENNI ÞÁTTTÖKU | 16 |
| 2.2 REYNSLA OG MAT AF ÞÁTTTÖKU | 25 |
| 3. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR | 46 |
| HEIMILDIR..... | 50 |
| VIÐAUKAR..... | 51 |

Inngangur

Evrópusambandið (ESB) hefur frá árinu 1995 staðið fyrir evrópsku samstarfi á sviði starfsmenntunar og -þjálfunar undir heitinu Leonardó da Vinci. Fyrsti hluti Leonardó-áætlunarinnar náði yfir fimm ára tímabil og stóð til loka árs 1999. Við tók annar hluti, s.k. Leonardó II sem nær til loka árs 2006.

Samkvæmt grein 10.3 í ákvörðun Ráðherraráðs ESB um Leonardó da Vinci-áætlunina skal hvert þátttökuríki á þessum tímamótum framkvæma mat á áhrifum áætlunarinnar í heimalandi sínu. Framkvæmdastjórn ESB fól því menntamálaráðuneytinu, fyrir hönd Íslands, að gera úttekt á framkvæmd og skipulagi áætlunarinnar og áhrifum hennar á starfsmenntun og -þjálfun á Íslandi.

Hinn 20. júlí 1999 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að hafa umsjón með úttektinni. Nefndina skipuðu eftirtaldir: Hellen M. Gunnarsdóttir deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu og formaður nefndarinnar, Halldór Jónsson framkvæmdastjóri rannsóknasviðs Háskóla Íslands, Krístrún Ísaksdóttir deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Með nefndinni starfaði Sveinbjörn Hannesson sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu.

Verkið var unnið á eftirfarandi hátt:

Safnað var saman tölfraðilegum upplýsingum um þátttöku í áætluninni úr gögnum frá Landsskrifstofu Leonardó á Íslandi og úr skýrslum sem einstaklingar sem farið hafa utan í starfsþjálfun/nám senda Landsskrifstofunni.

Spurningalistar voru lagðir fyrir alla 16 íslenska verkstýrendur tilrauna- og rannsóknaverkefna. Gallup sá um úrvinnslu á gögnum.

Símaviðtöl voru tekin við 98 einstaklinga sem tóku þátt í mannaskiptum. Gallup sá um úrvinnslu á gögnum.

Símaviðtöl voru tekin við 20 forsvarsmenn skóla, stofnana og fyrirtækja sem sendu einstaklinga utan í starfsþjálfun/nám. Gallup sá um úrvinnslu á gögnum.

Símaviðtöl voru tekin við forsvarsmenn fyrirtækja. Um var að ræða tvenns konar úrtak. Annars vegar voru lagðar tvær spurningar fyrir 600 fyrirtæki sem valin voru með tilviljunarúrtaki úr fyrirtækjaskrá. Heildarfjöldi svarenda úr þeirri könnun voru 357, sem er 68% svarhlutfall. Hins vegar voru lagðar sjö spurningar fyrir 129 sérvalin fyrirtæki. Svarhlutfall úr þeirri könnun var 82%, eða 106 fyrirtæki. Gallup sá um framkvæmd símaviðtala og úrvinnslu gagna.

Spurningalisti var lagður fyrir forsvarsmenn Landsskrifstofu Leonardó, og fyrir forsvarsmenn þriggja samtaka á vinnumarkaði, Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Samtök atvinnulífsins, og Samtök iðnaðarins. Aðilarnir þrír sendu inn sameiginleg svör við spurningunum.


Nefndin kallaði til sín í viðtöl tíu aðila sem að áætluninni koma; einstaklinga úr atvinnulífi, skólakerfi og sem koma að stjórn áætlunarinnar. Rætt var um framkvæmd áætlunarinnar, áhrif hennar og hvað mætti betur fara.

Í upprunalegri útgáfu á þessari skýrslu, sem send var framkvæmdastjórn ESB, var í meginatriðum stuðst við tillögur ESB um efnistöð landsskýrslna. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þessari útgáfu, með því markmiði að stytta hana og aðlaga betur að íslenskum markhópi. T.d. var kafli um stefnu stjórnvalda í starfsmenntamálum og þróun síðustu ára færður í viðauka. Í þessari útgáfu er því í fyrsta hluta fjallað um framkvæmd og skipulag Leonardó-áætlunarinnar á Íslandi og reynt að meta helstu veikleika og styrkleika. Í öðrum hluta er fjallað um þau áhrif sem þátttaka í Leonardó hefur haft á einstaka þætti í starfsmenntun og þjálfun á Íslandi. Lögð er áhersla á að meta hvort áætlunin hafi skilað sér í sýnilegum breytingum innan starfsmenntakerfisins eða hvort áhrifanna sé frekar að gæta í faglegum viðhorfum og aukinni þekkingu þeirra sem þátt hafa tekið.


Reykjavík, 20. september 2000




Hellen M. Gunnarsdóttir



Halldór Jónsson



Krístrún Ísaksdóttir



Ólafur Jón Arnbjörnsson

1. Framkvæmd og skipulag Leonardó-áætlunarinnar á Íslandi

Inngangur

Leonardó da Vinci-starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins (ESB) var formlega komið á fót með ákvörðun ráðherraráðs ESB í desember 1994. Áætlunin, sem náði yfir fimm ára tímabil, hóf göngu sína í byrjun árs 1995 og lauk í lok árs 1999. Meginmarkmið áætlunarinnar er að efla starfsmenntun og þjálfun í þátttökuríkjum og auka samstarf og yfirfærslu þekkingar milli landa á þessu sviði. Áætlunin tekur til allra stiga starfsmenntunar, þ.e. starfsmenntunar á framhaldsskólastigi, háskólastigi og til starfstengdrar símenntunar. Leonardó sameinaði undir einni áætlun ýmsar smærri áætlanir ESB eins og PETRA (starfsmenntun á framhaldsskólastigi), FORCE (starfstengd símenntun), COMETT (háskólar og fyrirtæki), EUROTECNET (starfsréttindi og tækninýjungar) og hluta LINGUA (tungumál).

Þátttökuríki Leonardó voru í upphafi 18 talsins, þ.e. þau 15 lönd sem eiga aðild að ESB auk hinna þriggja ríkja sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Ísland, Lichtenstein og Noregur. Ísland hefur því frá upphafi átt fulla aðild að Leonardó-áætluninni. Síðan hafa ýmis fleiri lönd bæst í hópinn, t.a.m. Eystrasaltsríkin þrjú, ýmis lönd frá mið- og austur Evrópu og Kýpur.

Til að draga upp einfalda mynd af fyrirkomulagi Leonardó-áætlunarinnar, má segja að hún skiptist í þrjá flokka og þrjár aðgerðir. Flokkarnir þrír eru nokkurs konar þemu eða áherslur í starfsmenntamálu og innan þeirra er hægt að sækja um styrki til ákveðinna aðgerða. Flokkarnir þrír eru eftirfarandi:

- I. Styrkir til að efla starfsmenntakerfi í þátttökuríkjum.
- II. Samstarf háskóla og fyrirtækja til að efla starfsþjálfun.
- III. Efling tungumálakunnáttu og útbreiðsla nýjunga á sviði starfsþjálfunar.

Innan þessara þriggja flokka er hægt að sækja um styrki til tiltekinna aðgerða:

Styrkir til mannaskipta: Mannaskipti gera kleift að taka hluta af starfsþjálfun í öðru landi og afla sér þekkingar á öðrum starfsmenntakerfum. Í flokki I er um þrenns konar mannaskipti að ræða; fyrir nemendur á framhaldsskólastigi (tegund I.1.2.a), ungt fólk á vinnumarkaði (tegund I.1.2.b) og leiðbeinendur og stjórnendur (tegund I.1.2.c). Í flokki II er um þrjár tegundir mannaskipta að ræða, en Íslendingar hafa fyrst og fremst nýtt sér skipti fyrir nemendur á háskólastigi, sem fara utan í starfsþjálfun í fyrirtækjum (tegund II.1.2.a).

Styrkir til tilraunaverkefna: Tilraunaverkefni eru samstarfsverkefni a.m.k. þriggja landa, sem gera kleift að vinna að sameiginlegum málefnum á sviði starfsþjálfunar, t.d. þróun námsgagna, þjálfun leiðbeinenda, tungumálakennslu og samstarfs atvinnulífs og skóla.

Styrkir til rannsóknarverkefna: Rannsóknarverkefni eru samstarfsverkefni a.m.k. þriggja landa og er áherslan á að auka þekkingu á starfsmenntasviðinu með könnunum og greiningum.

1.1 Skipulag framkvæmdar

Framkvæmdastjórn ESB hefur yfirumsjón með Leonardó da Vinci starfsmenntaáætluninni. Í stjórnarnefnd áætlunarinnar, sem er framkvæmdastjórninni til ráðgjafar og samráðs um ýmis framkvæmdaatriði, sitja tveir fulltrúar frá hverju aðildarríki. Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á þátttöku Íslands í Leonardó-áætluninni og tilnefnir fulltrúa í stjórnarnefnd.

Við upphaf áætlunarinnar fól ráðuneytið Rannsóknþjónustu Háskólans að taka að sér rekstur Landsskrifstofu Leonardó, og var samningur þess efnis undirritaður þann 12. apríl 1995. Við val á rekstraraðila skipti miklu að Rannsóknþjónustan var umsjónaraðili Comett-áætlunarinnar, sem er ein af forverum Leonardó, og hafði því reynslu af evrópsku samstarfi á sviði menntunar.

Hlutverk Landsskrifstofunnar er að sjá um framkvæmd áætlunarinnar á Íslandi, en helstu verkefni skrifstofunnar eru talin upp í samningnum (sjá samninginn í heild sinni í viðauka 2):

- Að veita upplýsingar um áætlunina
- Að auglýsa umsóknir og aðstoða umsækjendur
- Að meta umsóknir og koma rökstuddum forgangslista til ESB
- Að sjá um framkvæmd mannaskipta
- Að hafa eftirlit með öllum þáttum áætlunarinnar
- Að dreifa upplýsingum um árangur af áætluninni og verkefni sem takast vel
- Að aðstoða við mat á áætluninni

Í samningnum er kveðið á um fjárframlög frá menntamálaráðuneytinu til reksturs Landsskrifstofunnar til móts við framlög Háskóla Íslands og ESB. Einnig kemur fram að nánari útfærsla framkvæmdar skuli vera í höndum stjórnar

Sammenntar. Samment var stofnað árið 1991 á grundvelli Comett-áætlunar ESB, sem samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla um menntun og þjálfun, í umsjá Rannsóknþjónustu Háskólans. Í stjórn Sammenntar sátu fyrst 5 fulltrúar auk framkvæmdastjóra Rannsóknþjónustunnar, en árið 1995 var þeim fjölgað í 9 fulltrúa. Áttu þar sæti 4 fulltrúar aðila vinnumarkaðarins (m.a. samtaka launþega og atvinnurekenda), 3 fulltrúar skólakerfis (háskólastigs, framhaldsskólastigs og annarra fræðsluáðila) auk fulltrúa Háskóla Íslands, og einn fulltrúi annarra stofnana.

Sammennt var lögð niður í árslok 1998. Í kjölfarið var nauðsynlegt að endurskoða samning menntamálaráðuneytisins og Rannsóknþjónustunnar og fyrrihluta árs 1999 var skrifað undir viðauka við samninginn frá 1995. Í viðaukanum fólst sú breyting að í stað stjórnar Sammenntar var ákveðið að hafa sérstaka stjórn yfir Landsskrifstofunni. Í stjórninni var gert ráð fyrir 4 fulltrúum, þ.e. fulltrúa atvinnurekenda tilnefndan af VSÍ, fulltrúa launþega tilnefndan af ASÍ, fulltrúa háskólastigsins tilnefndan af Samstarfsnefnd háskólastigsins og fulltrúa annarra skólastiga tilnefndan af Sambandi iðnmenntaskóla. Í kjölfar þess að Sammennt var lögð niður tók Landsskrifstofan einnig þátt í stofnun Menntar, nýs samstarfsvettvangs atvinnulífs og skóla í menntamálum.

Fyrirkomulag á rekstri Leonardó-áætlunarinnar svipar til fyrirkomulags annarra helstu ESB-áætlana á Íslandi á sviði menntamála og rannsókna. Í flestum tilfellum hefur verið farin sú leið að semja við utanaðkomandi aðila um umsjón og ábyrgð framkvæmdar. Ráðuneytið hefur fjármagnað hluta af rekstrinum, en um leið hafa viðkomandi aðilar notið mikils sjálfstæðis hvað varðar framkvæmd. Þetta á við um viðamiklar áætlanir eins og rammaáætlanir ESB, Sókrates og Ungt fólk í Evrópu.

Nokkur samvinna hefur verið milli Landsskrifstofu Leonardó og Landsskrifstofu Sókratesar, einkum hvað varðar kynningu á áætlununum. Um ákveðna nálægð er að ræða þar sem báðar skrifstofurnar eru innan vébanda Háskóla Íslands, en einnig er um formlegt samráð að ræða þar sem framkvæmdastjóri Rannsóknþjónustunnar situr í stjórn Landsskrifstofu Sókratesar. Mjög nán tengsl eru við 4. rammaáætlunina enda er hluti af starfsemi hennar undir sama þaki og Landsskrifstofa Leonardó. Rannsóknþjónustan er ennfremur aðili að Midas upplýsinganetinu um margmiðlun og netið, og bein samvinna hefur verið á milli Landsskrifstofunnar og Midas-Net skrifstofunnar við að móta þróunarverkefni á sviði margmiðlunar og upplýsingatækni.

1.2 Framkvæmd Leonardó-áætlunarinnar

Rekstur Landsskrifstofu Leonardó er fjármagnaður af framkvæmdastjórn ESB, Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytinu. Í eftirfarandi töflum sést annars vegar heildarkostnaður við rekstur Landsskrifstofu Leonardó á Íslandi tímabilið 1995-99 (tafla 1.1) og hins vegar fjárveitingar frá einstökum aðilum (tafla 1.2):

Tafla 1.1 Kostnaður við rekstur landsskrifstofunnar (í evrum)

| Kostnaður | 95-96 | 96-97 | 97-98 ¹ | 98-99 |
|----------------------|-------------------|-------------------|--------------------|-------------------|
| Laun | 226.979 | 226.137 | 181.690 | 235.412 |
| Framkvæmd | 167.714 | 212.051 | 179.359 | 166.840 |
| Tækjabúnaður | 23.727 | 27.225 | 22.836 | 26.991 |
| Annað | 0 | 0 | 38.388 | 42.924 |
| Samtals (EVR) | 418.420 | 465.413 | 422.273 | 472.168 |
| Samtals (ISK) | 29.289.000 | 32.579.000 | 29.551.000 | 33.054.000 |

Tafla 1.2 Fjármögnun reksturs Landsskrifstofu Leonardó 1995-99 (í evrum)

| Fjármagn frá: | 95-96 | % | 96-97 | % | 97-98 | % | 98-99 | % |
|----------------------|----------------|-------------|----------------|-------------|----------------|-------------|----------------|-------------|
| ESB | 217.450 | 52% | 236.742 | 51% | 211.147 | 50% | 236.022 | 50% |
| Háskóli Íslands | 156.670 | 37% | 184.371 | 40% | 166.826 | 40% | 179.186 | 38% |
| Menntamálaráðuneytið | 44.300 | 11% | 44.300 | 9% | 44.300 | 10% | 56.960 | 12% |
| Samtals | 418.420 | 100% | 465.413 | 100% | 422.273 | 100% | 472.168 | 100% |

Eins og sjá má þá hafa orðið litlar hlutfallslegar breytingar á framlögum til reksturs Landsskrifstofunnar. Um beinan fjárstuðning er að ræða af hálfu framkvæmdastjórnar ESB og menntamálaráðuneytisins, sem nemur að jafnaði rúmlega 60% af rekstrarkostnaði Landsskrifstofunnar á ári. Af þessu hefur allur launakostnaður verið greiddur, kostnaður við fundi og ferðalög, rekstur skrifstofu, útgáfa, o.fl. Tæplega 40% af rekstrarkostnaði hefur verið mætt af Háskóla Íslands, í beinum fjárförlögum, vinnuframlagi, yfirstjórn o.fl.

¹ Rekstrarárið á þessu tímabili var 11 mánuðir. Jafnframt var breytt um uppgjörsmáta þannig að tekin var 10% þóknun í stjórnunarkostnað (overhead) af öllum rekstrarkostnaði skrifstofunnar - en áður hafði þessi kostnaður komið fram í launalið starfsmanna.

Til viðbótar við þessi framlög hefur framkvæmdastjórn ESB veitt Landsskrifstofunni styrki til sérstakra viðburða, t.a.m. vegna upphafsráðstefnu Leonardó 1995, og s.k. þemaráðstefna (Active Monitoring Seminars) sem haldnar voru hér á landi 1997 og 1999.

Þegar samið var við framkvæmdastjórn ESB um umfang reksturs Landsskrifstofunnar var gengið út frá því að um 5,5 ársverk væru eðlileg umsvif. Fyrsta starfsárið var um að ræða 5 ársverk, sem jókst í 5,5 ársverk á öðru starfsári (1996-97) og hefur haldist óbreytt síðan. Fjórir starfsmenn hafa það sem aðalstarf að sinna Leonardó: einn verkefnisstjóri ábyrgur fyrir tilraunaverkefnum, einn verkefnisstjóri ábyrgur fyrir mannaskiptaverkefnum og einn aðstoðarmaður, auk forstöðumanns Landsskrifstofunnar sem þó hefur sinnt öðrum verkefnum, einkum frá 1997. Frá 1997 hefur Landsskrifstofan ennfremur greitt 25% af kostnaði við alþjóðafulltrúa Háskólans á Akureyri með það að markmiði að efla kynningu og ráðgjöf á Leonardó-áætluninni á Norðurlandi.

Hvað varðar skiptingu mannafla og fjármagns þá var á fyrri hluta tímabilsins 1995-1999 sérstök áhersla lögð á að kynna áætlunina og hvetja markhópa hennar til þátttöku. Talsvert var lagt upp úr því að finna samstarfsaðila með tengslaráðstefnum og með virkri samvinnu landsskrifstofanna. Á seinni hluta tímabilsins hefur áherslan í starfi Landsskrifstofunnar verið á aukin gæði, þ.e. að auka gagnkvæmni í mannaskiptum til og frá Íslandi, auka gæði umsókna og skapa farveg fyrir útbreiðslu á niðurstöðum tilrauna- og rannsóknarverkefna.²

Umsóknar- og matsferli

Á tímabilinu 1995-99 hefur verið lýst fimm sinnum eftir umsóknum um Leonardó-styrki. Frá upphafi hefur verið við lýði mjög sambærilegt umsóknar- og matsferli. Við val á verkefnum hefur almennt verið stuðst við forgangsröðun og viðmið frá ESB. Íslensk stjórnvöld hafa ekki sett fram landsmarkmið eða ákveðna forgangsröðun varðandi val á verkefnum.

Umsóknarferlin eru þrjú og í tveimur tilfellum tekur Landsskrifstofan á móti umsóknum. Mat á umsóknum er framkvæmt af Landsskrifstofu og/eða framkvæmdastjórn ESB.

Þegar íslenskir aðilar fara yfir umsóknir er matsferli þannig að ein dómnefnd fer yfir umsóknir í öllum flokkum áætlunarinnar. Dómnefnd er skipuð 5 sérfræðingum; 3 tilnefndir af ASÍ, Samtökum atvinnulífsins og Sambandi iðnmenntaskóla, auk sérfræðings í starfsmenntun frá Háskóla Íslands og fulltrúa úr hópi fræðslustjóra fyrirtækja. Til viðbótar starfar starfsmaður Landsskrifstofu með nefndinni og metur umsóknir um mannaskiptaverkefni. Við mat á umsóknum hefur öll árin, að undanskildu fyrsta árinu, verið notast við mælikvarða og matsblöð frá framkvæmdastjórn ESB.

² Report for the first year of operation: May 1995 to April 1996 (Óútg.).

Matsferlið á umsóknum til mannskípta (í flokki I), sem er alfarið á ábyrgð Landsskrifstofunnar, fer þannig fram að dómnefnd auk eins starfsmanns Landsskrifstofu fer yfir umsóknir og raðar þeim í forgang. Landsskrifstofan samþykkir endanlegt val á umsóknum á grundvelli forgangslista dómnefndarinnar. Við val á umsóknum er stuðst við mælikvarða eins og almenna hæfni umsækjenda, fjárhagsáætlun umsóknar, jafna dreifingu landa og starfsgreina, þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja og jafna stöðu kynjanna.

Matsferli tilraunaverkefna (í flokki I og III) fer fram innan hvers aðildarríkis þó ákvörðun um endanlegt val á umsóknum sé tekin af ESB. Landsskrifstofan tekur á móti umsóknum, metur hvort þær standist lágmarks tæknilegar kröfur og undirbýr vinnu dómnefndar. Dómnefnd metur innihald umsókna, og kemst að sameiginlegri niðurstöðu um hverja umsókn. Eftir að stjórn Landsskrifstofunnar hefur veitt samþykki sitt, er forgangslisti dómnefndar sendur til framkvæmdastjórnar ESB. Áður en hún tekur lokaákvörðun um úthlutun, fara fram tvíhliða viðræður milli framkvæmdastjórnarinnar og fulltrúa íslenskra stjórnvalda. Markmið þessara viðræðna er að ræða hversu mörg verkefni undir íslenskri verkefnisstjórn er mögulegt að styrkja og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um úthlutun. Sú hefð hefur skapast að forstöðumaður Landsskrifstofunnar hefur sótt þessar tvíhliða viðræður fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, ásamt fulltrúa menntamálaráðuneytisins.

Umsóknir um tilrauna- og mannskíptaverkefni (flokkur II) eru metnar og valdar af framkvæmdastjórn ESB, og formlega gegna aðildarríkin takmörkuðu hlutverki í því ferli. Íslenska dómnefndin les þó yfir hverja umsókn og raðar þeim í forgang. Hlutverk hennar er þó ekki að framkvæma heildstætt mat á innihaldi hvernar umsóknar. Skýrslan sem dómnefndin skilar af sér á að aðstoða framkvæmdastjórn ESB að velja úr verkefnum og er höfð til hliðsjónar í tvíhliða viðræðum milli ESB og Íslands.

Fyrir utan almennar viðurkenndar gæðakröfur við mat á umsóknum hefur Landsskrifstofan lagt sérstaka áherslu á jafna dreifingu milli gistilanda. Sett var sú viðmiðunarregla að ekki meira en 30% af styrkþegum á einu ári gætu farið til sama lands (í einstaka tilfalli hefur verið vikið frá þessari reglu fremur en að skila fjármagni aftur til Brussel). Ástæðan er sú að rík hefð er innan íslenska starfsmenntageirans fyrir samstarfi við Norðurlöndin og var talið að umsóknir um Leonardó-mannskípti myndu endurspeglja þá hefð.

Tímaáætlanir og greiðslur á styrkjum

Það ferli er lítur að skilum á umsóknum, gerð samninga við styrkþega og greiðslur styrkja má í raun skipta í tvennt; annars vegar það ferli sem Landsskrifstofan hefur umsjón með og nær til styrkveitinga til mannskípta í flokki I, og hins vegar ferlið sem framkvæmdastjórn ESB stýrir og nær til tilrauna- og rannsóknaverkefna og mannskípta í flokki II.

Mannaskipti í flokki I

Umsóknarferlið sem Landsskrifstofan stýrir tekur að jafnaði um 3 mánuði, þ.e. móttaka umsóknar, mat, samningsgerð og úthlutun. Í heild getur þetta ferli tekið rúmlega eitt og hálf ár:

| | |
|------------------|---|
| Janúar, ár 1 | Upplýsingafundur með mögulegum umsækjendum |
| Janúar, ár 1 | Tengslaráðstefna |
| Lok janúar, ár 1 | Lokafrestur til að skila inn umsóknum |
| Febrúar, ár 1 | Dómnefnd metur og velur úr umsóknum |
| Mars, ár 1 | Samningar undirritaðir við styrkþega |
| Apríl, ár 1 | Þjálfunarnámskeið með forsvarsmönnum mannaskiptaverkefna |
| Apríl, ár 1 | Fyrstu mannaskiptin fara af stað |
| September, ár 1 | Seinni umsóknarfrestur auglýstur, ef nauðsyn krefur |
| Október, ár 1 | Umsóknir úr seinni hrinu metnar og valið úr hópi umsækjenda |
| Mars, ár 2 | Síðustu mannaskiptin fara af stað |
| Júní, ár 2 | Öllum mannaskiptum lokið |
| September, ár 2 | Frestur til að skila inn lokaskýrslu |

Landsskrifstofa Leonardó sér alfarið um greiðslur á styrkjum fyrir mannaskipti í flokki I. Í upphafi hvers árs ákveður framkvæmdastjórn ESB þá heildarupphæð sem Íslandi er úthlutað og gerir samning þess efnis við Landsskrifstofuna. Í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að samningur er undirritaður greiðir framkvæmdastjórn ESB Landsskrifstofunni 70% af heildarfjárhæðinni. Í tvígang hefur þó dregist að undirrita þennan samning, jafnvel þannig að búið hefur verið að taka ákvörðun um úthlutun einstakra styrkja áður en undirritun hefur átt sér stað.

Þegar samningur við ESB liggur fyrir ásamt niðurstöðum um úthlutun, undirritar Landsskrifstofan tvíhliða samninga við þá lögaðila sem hljóta styrk.³ Ekki síðar en fjórum vikum fyrir brottför er styrkþegum greiddur út 50-90% styrksins, allt eftir flokki og eðli verkefna. Afgangurinn er svo greiddur eftir að styrkþegi hefur skilað lokaskýrslu til Landsskrifstofunnar.

Tilrauna- og rannsóknarverkefni og mannaskipti í flokki II

Sótt er um styrki til mannaskipta í flokki II (aðallega nemendur á háskólastigi) til framkvæmdastjórnar ESB sem ákveður úthlutun og upphæð styrks, en felur þeim lögaðila sem sækir um að greiða út styrkinn. Háskóli Íslands hefur sótt um í

³ Í Leonardó sækja einstaklingar ekki beint um styrki til mannaskipta, heldur lögaðilar, þ.e. skólar, stofnanir, fyrirtæki, o.s.frv.

Þessum flokki sem lögaðili og falið Rannsóknþjónustunni umsjón með greiðslum til styrkþega.

Í upphafi ferðar fá nemendur yfirleitt borgaðan ferðastyrk og framfærslustyrk fyrir einn mánuð, en síðan er framfærslustyrkur greiddur út mánaðarlega. Síðasti mánuðurinn er ekki greiddur fyrr en viðkomandi hefur skilað lokaskýrslu. Rannsóknþjónustan hefur leitast við að greiða einstaklingum allan styrkinn í stað þess að bíða eftir lokagreiðslu frá Brussel, og þannig í raun „lánað“ töluverða upphæð.

Um greiðslur vegna tilrauna- og rannsóknaverkefna gildir að framkvæmdastjórn ESB greiðir styrkinn beint til viðkomandi verkefnisstjóra, án milligöngu Landsskrifstofunnar. Tveimur mánuðum eftir undirritun samnings er 40% af heildarstyrknum greidd út, 30% eftir að áfangaskýrsla hefur verið samþykkt og 30% eftir samþykkt lokaskýrslu. Eftirfarandi er dæmi um tímaramma 3ja ára tilraunaverkefnis:

| | |
|------------------------|--|
| Mars, ár 1 | Lögð inn umsókn |
| Desember, ár 1 | Samningur tekur gildi og verkefnið hefst formlega |
| Maí-október, ár 2 | Fyrsta greiðsla berst |
| Maí, ár 3 | Áfangaskýrsla skilað |
| Desember, ár 3 | Áfangagreiðsla berst |
| Desember, ár 4 | Verkefninu lýkur, nema sótt hafi verið um árs framlengingu |
| Febrúar eða júní, ár 5 | Lokaskýrsla skilað |
| Lok árs 5 | Lokagreiðsla berst |

Fyrir 3ja ára verkefni getur því tekið allt að fimm ár frá því að umsókn er lögð inn og þangað til lokagreiðsla berst. Öll afgreiðsla á áfangaskýrslum- og greiðslum hefur gengið mjög hægt fyrir sig. Árið 1999 átti t.d. eftir í sumum tilfellum að ganga frá lokagreiðslum fyrir verkefni er hófust árin 1995 og 1996.

Eftirlit

Formlega séð gegnir Landsskrifstofan eftirlitshlutverki með verkefnum í umsjón íslenskra aðila í öllum flokkum áætlunarinnar. Markmiðið með slíku eftirliti er að fylgjast með hvort verkefnið fari eftir settum reglum hvað varðar tímaáætlanir og notkun styrksins og hvort framvinda verkefna sé í samræmi við upphafleg markmið. Eftirlit með tilraunaverkefnum fer þannig fram að Landsskrifstofan veitir ráðgjöf um verkefnisstjórn bæði í upphafi samningstímans og eftir að verkefnið er hafið.

Menntamálaráðuneytið, fulltrúar þess í stjórnarnefndum Leonardó, og stjórn Landsskrifstofunnar bera meginábyrgð á heildareftirliti með framkvæmd Leonardó á Íslandi. Í stjórn Landsskrifstofunnar skiptir miklu þátttaka aðila

vinnumarkaðarins, bæði atvinnurekenda og launþega. Hingað til hefur eftirlit og upplýsingaflæði fyrst og fremst farið fram í gegnum óformleg samskipti ofangreindra aðila og Landsskrifstofunnar.

Kynning og útbreiðsla

Kynning á Leonardó-áætluninni á Íslandi hefur verið af margvíslegum toga. Má einkum nefna tvennt, annars vegar almenna kynningu á áætluninni til að efla þátttöku og hins vegar upplýsingar um niðurstöður og árangur verkefna. Helsta kynningarefni áætlunarinnar hefur verið gefið út á íslensku, og var efni eins og handbók fyrir umsækjendur og „Vademecum“ þýtt á íslensku. Einnig voru unnin ýmis upplýsingarit um starfsmenntakerfið á Íslandi, bæði á ensku og á íslensku, sem áttu að auðvelda þátttöku íslenskra aðila í samstarfsverkefnum. Eftir því sem liðið hefur á áætlunina hefur megináherslan verið á að gefa út stutta kynningarbæklinga og veita upplýsingar í gegnum heimasíðu Landsskrifstofunnar, og með persónulegri ráðgjöf. Auk útgáfu á kynningarefni hefur Landsskrifstofan staðið fyrir og tekið þátt í ráðstefnum og öðrum viðburðum:

- Íslenska Landsskrifstofan hefur haldið tvær þemaráðstefnur. Tilgangur þeirra var að leiða saman lík verkefni sem höfðu til sambærilegra markhópa. Á þessum ráðstefnum komu saman sérfræðingar á viðkomandi sviði, fulltrúar markhópsins, auk fulltrúa frá landsskrifstofum. Fyrri ráðstefnan var haldin í nóvember 1997 og fjallaði um notkun upplýsingatækni í tungmálanámi og kennslu. Sú seinni var haldin í febrúar 1999 og fjallaði um hvernig Leonardó verkefni gætu stuðlað að uppbyggingu á sjálfsmynd og frumkvæði.⁴ Íslendingar hafa einnig tekið þátt í þemaráðstefnum sem haldnar hafa verið í öðrum löndum.
- Landsskrifstofan skipulagði námsstefnu í samvinnu við Midas-skrifstofuna og Media-upplýsingaskrifstofu, sem haldin var á Akureyri árið 1998. Yfirskrift námsstefnunnar var „Oral Tradition and Multimedia“ og þar voru m.a. kynntar niðurstöður úr Leonardó-samstarfsverkefnum.
- Landsskrifstofan hefur tekið þátt í ýmsum kynningarviðburðum annars vegar á sviði starfsmenntunar og hins vegar á sviði Evrópusamstarfs. Má þar nefna árlegar kynningar innan Háskóla Íslands, Dag símenntunar 1996 og 1998 og Evrópudaga 13.-15. nóvember 1998, en þar sameinuðu krafta sína allar þær skrifstofur sem þjóna evrópsku samstarfi á Íslandi og kynntu starf sitt fyrir almenningi.

⁴ Nánari upplýsingar um þessar ráðstefnur má finna á heimasíðu Rannsóknþjónustunnar: www.rthj.hi.is

Frá árinu 1998 hefur Landsskrifstofan sett upplýsingar um öll tilraunaverkefni undir íslenskri verkefnisstjórn á heimasíðu sína. Fréttabréf Landsskrifstofunnar eru gefin út á heimasíðunni, og einnig hafa sérstakar heimasíður verið opnaðar um þær þemaráðstefnur sem haldnar hafa verið hér á landi.

2. Áhrif Leonardó-áætlunarinnar á Íslandi

Hér á eftir verður gerð grein fyrir umfangi og áhrifum þátttöku Íslands í ólíkum flokkum og aðgerðum Leonardó-áætlunarinnar. Umfangið er kannað með því að skoða tölur um þátttöku einstaklinga og stofnana í mannskíptum, tilraunaverkefnum og rannsóknaverkefnum. Áhrif þátttökunnar eru skoðuð með því að greina niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal ólíkra hópa sem hafa tekið þátt í áætluninni, þ.e. einstaklinga sem hafa farið utan í starfsþjálfun og nám (mannskípti), forsvarsmanna stofnana og fyrirtækja sem hafa sent fólk í mannskípti og íslenskra verkstýrenda tilrauna- og rannsóknaverkefna. Einnig verða könnuð viðhorf forsvarsmanna fyrirtækja – sem flest hafa ekki tekið þátt í áætluninni – til þátttöku í evrópsku samstarfi á sviði starfsþjálfunar.

2.1 Umfang og helstu einkenni þátttöku


Mannskípti⁵

Íslendingar hafa tekið þátt í fjórum tegundum mannskípta. Í flokki I eru þrjár tegundir mannskípta sem allar hafa verið nýttar, þ.e. fyrir nemendur á framhaldsskólastigi yngri en 28 ára, fólk á vinnumarkaði yngra en 28 ára og leiðbeinendur og stjórnendur í starfsmenntun. Í flokki II hafa Íslendingar nýtt sér eina tegund mannskípta, fyrir nemendur á háskólastigi sem eru að ljúka námi eða eru nýútskrifaðir.

Á mynd 2.1 má sjá að mannskípti á tímabilinu 1995-1999 hafa samtals verið 514. Gera verður þann fyrirvara við þróun mannskípta eftir árum að þau eru ekki bundin við almanaksárið og skarast því oft yfir tvö ár. Mannskípti eru hér flokkuð eftir því hvaða ár þau hófust. Ljóst er að mikil aukning hefur orðið á fjölda mannskípta frá því áætlunin hófst árið 1995. Jukust þau um helming á tímabilinu 1995 til 1997.


⁵ Flestar upplýsingar sem koma fram í þessum hluta eru byggðar á tölum frá Landsskrifstofu Leonardó á Íslandi, en sum gögnin, þau er varða nemendur á háskólastigi, voru unnin beint úr skýrslum sem þátttakendur skiluðu til Landsskrifstofunnar.

Mynd 2.1 Fjöldi einstaklinga í mannskiptum, tímabilið 1995-99




Á mynd 2.2 sést að fjölmennasti hópurinn í mannskiptum á tímabilinu 1995-99 voru nemendur á framhaldsskólastigi, eða 42% (214 nemendur) af heildarfjölda. Nokkuð stórt hlutfall er ungt fólk á vinnumarkaði eða 29% (151) og nemendur á háskólastigi eru 15% (79).

Mynd 2.2 Hlutfall mannskipta eftir tegund, 1995-99



Fjöldi framhaldsskólanema sem farið hefur í starfsnám erlendis hefur verið mjög stöðugur. Mikil aukning varð þó árið 1999, og voru framhaldsskólanemar þá orðinn langfjölmennasta hópurinn innan mannaskipta. Árið 1997 var ungt fólk á vinnumarkaði fjölmennasti hópurinn, en síðan hefur þar orðið nokkur fækkun í þeim hópi. Frá 1996 hefur verið stöðug aukning á fjölda leiðbeinenda og stjórnenda sem nýta sér mannaskipti. Fjöldi háskólanema var mestur árið 1997, en hefur síðan minnkað nokkuð.

Mynd 2.3 Fjöldi einstaklinga í mannaskiptum eftir tegund og árum, 1995-1999




Flestir lögaðilar (fyrirtæki, skólar, stofnanir, o.s.frv.) sem senda einstaklinga utan í starfsþjálfun eru skólar á framhaldsskólastigi sem sinna starfsnámi (mynd 2.4). Að vísu eru jafnmargir í hópnum „aðrir aðilar“, en í honum eru flokkaðir saman ýmsir ólíkir aðilar, s.s. fræðsluráð starfsgreina, hagsmunasamtök á vinnumarkaði og ýmis félög. Árið 1997 voru 36 framhaldsskólar á landinu, þar af 9 menntaskólar, 15 fjölbrautarskólar, 2 iðnskólar, 2 verkmenntaskólar og 8 sérskólar.⁶ Um 44% skóla á framhaldsskólastigi í landinu hafa því sent nemendur og/eða leiðbeinendur og stjórnendur utan í starfsþjálfun/nám. Líklegt er að framhaldsskólarnir 17 hafi staðið fyrir a.m.k. 42% allra mannaskipta, en það er hlutfall framhaldsskólanema sem hafa nýtt sér mannaskipti. Líklegt er að þetta hlutfall sé eitthvað hærra þar sem hluti leiðbeinenda og stjórnenda hafa farið utan á vegum framhaldsskóla.

Alls hafa 17 fyrirtæki tekið þátt í mannaskiptum, jafnmörg og framhaldsskólar. Fyrirtæki, opinberir aðilar á vegum ríkis og sveitarfélaga og „aðrir aðilar“, hafa fyrst og fremst staðið fyrir mannaskiptum ungs fólks á vinnumarkaði. Alls hafa því a.m.k. 29% einstaklinga sem farið hafa í starfsþjálfun erlendis farið utan á vegum um 40 fyrirtækja, opinberra aðila og „annarra aðila“.

⁶ Símenntun – afl á nýrri öld (1998). Þess ber að geta að framhaldsskólar sem sinna einungis bóknámi eiga lítið erindi í Leonardó-áætlunina.

Árið 1999 voru á Íslandi tíu skólar á háskólastigi, þar af átta háskólar og tveir sérskólar á háskólastigi. Átta skólar á háskólastigi sendu a.m.k. 79 einstaklinga í mannaskipti (15% af heildarfjölda). Einn þessara átta skóla (Þroskaþjálfaskóli Íslands) sameinaðist Kennaraháskólanum árið 1998 og má því segja að af þeim skólum sem eru starfandi í dag hafi 7 af 10 tekið þátt í Leonardó-mannaskiptum.

Mynd 2.4 Fjöldi og tegund lögaðila að baki mannaskiptum 1995-99⁷




Mynd 2.5 sýnir náms- og starfsgreinar mannaskiptaverkefna í flokki I, þ.e. nemenda á framhaldsskólastigi, ungs fólks á vinnumarkaði og leiðbeinenda og stjórnenda.⁸ Flest verkefni voru á sviði hótél- og veitingagreina, eða um 30%. Í flokknum „almenn starfsmenntun“ voru verkefni á sviði hárgreiðslu áberandi. Ferðapjónusta er einnig vinsæl grein en þar er hlutfall verkefna 15%. Í „annað“ eru flokkaðar saman greinar sem einungis voru með eitt verkefni hver.⁹

⁷ Sjá í viðauka 3 lista yfir alla lögaðila sem hafa tekið þátt í mannaskiptum.

⁸ Mynd 2.5 er ólík myndum 2.1-2.3 að því leyti að hún sýnir ekki einstaklinga í mannaskiptum, heldur verkefni. Þar sem styrkir eru ekki veittir til einstaklinga heldur til lögaðila, hefur Landsskrifstofan ekki tekið saman ýtarlegar tölfræðilegar upplýsingar um einstaklinga. Myndin sýnir því þau verkefni – óháð því hversu margir einstaklingar tóku þátt í hverju verkefni – sem hafa verið styrkt. Hið sama gildir um myndir 2.7 og 2.9.


⁹ Þetta eru eftirtaldar greinar/svið: Fiskvinnsla, landbúnaður, skógrækt, ljósmyndun, endurvinnsla, handíð, stjórnsýsla, útgáfa og prentun, arkitektúr og fatahönnun.

Mynd 2.5 Hlutfall mannskiptaverkefna í flokki I, eftir greinum, 1995-98




Í flokki II, nemendur á háskólastigi, er viðskiptafræði mest áberandi, en 24% nemenda sem fóru utan í starfsþjálfun stunduðu nám í þeirri grein. Heilbrigðisgreinar eru næstfjölmennastar (20%), en þar á eftir koma náttúruvísindi og verk- og tæknigreinar.

Mynd 2.6 Hlutfall mannskipta í flokki II (nemendur á háskólastigi), eftir námsgreinum, 1995-99.




Dvalartími erlendis er mismunandi eftir tegundum mannskipta. Nemendur á framhaldsskólastigi geta valið um stutta dvöl sem er 3-12 vikur, eða lengri dvöl sem eru 3-12 mánuðir. Leiðbeinendur og stjórnendur geta verið erlendis 2-8 vikur, en ungt fólk á vinnumarkaði og nemendur á háskólastigi geta valið um dvöl frá þremur upp í tólf mánuði. Á mynd 2.7 má sjá að langalgengasti dvalartíminn er annars vegar 2 og 3 vikur (40% allra mannskiptaverkefna) og hins vegar 3 og 4 mánuðir (30%). Tvær til þrjár vikur er stysti tíminn sem í boði er fyrir nemendur á framhaldsskólastigi, og leiðbeinendur og stjórnendur. Mikill meirihluti þátttakenda velur því stysta mögulega dvalartímann. Svipaða sögu má segja af nemendum á háskólastigi og ungu fólk á vinnumarkaði, en þar er stysti mögulegi dvalartíminn 3 mánuðir.

Mynd 2.7 Hlutfall mannskiptaverkefna eftir lengd dvalar, 1995-99




Á mynd 2.8 sést að konur eru fjölmennari í fjórum af fimm tegundum mannskipta. Karlar eru einungis fjölmennari meðal nemenda á framhaldsskólastigi, en það er jafnframt fjölmennasta tegund mannskipta, sem skýrir hvers vegna ekki er meiri heildarmunur á þátttöku kynjanna. Mesti munurinn er meðal ungs fólks á vinnumarkaði, en þar er hlutfall kvenna hæst, 60%.

Mynd 2.8 Hlutfall karla og kvenna í mannskiptum, 1995-99




Alls hafa íslenskir þátttakendur í mannskiptaverkefnum heimsótt þrettán af fimmtán löndum ESB, öll nema Lúxemborg og Portúgal. Tvö lönd, Bretland (26%) og Danmörk (18%), eru þó sérstaklega vinsæl meðal Íslendinga, en tungumálakunnátta skiptir án efa miklu í því sambandi. Samtals hafa 27% heimsókna verið til annarra Norðurlanda. Nokkur fjöldi þátttakenda hefur einnig farið til Austurríkis, þó svo fjöldi verkefna hafi e.t.v. ekki verið mikill (misjafnt er eftir verkefnum hversu margir einstaklingar taka þátt).

Mynd 2.9 Hlutfall mannskiptaverkefna eftir gistilöndum, 1995-99



Ekki liggja fyrir miklar upplýsingar um fjölda þeirra sem hafa komið erlendis frá til Íslands í starfsþjálfun/nám. Þetta á einkum við um mannaskipti í flokki I, en engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um þau. Þeir sem koma erlendis frá þiggja styrk frá Landsskrifstofu í heimalandi sínu, og hefur því reynst erfitt að safna saman upplýsingum um þessi skipti. Upplýsingar um fjölda, kyn og lönd liggja þó fyrir um mannaskipti í flokki II:

Mynd 2.10 Fjöldi erlendra nemenda á háskólastigi til Íslands 1995-98, eftir kyni




Til Íslands hafa komið háskólanemar frá 10 löndum, og eru flestir frá Frakklandi, Þýskalandi og Danmörku, fjórir frá hverju landi. Er það nokkuð svipað mynstur og hjá íslenskum háskólanemum, þ.e. ofangreind þrjú lönd eru meðal fjögurra algengustu áfangastaða íslenskra háskólanemenda. Frá Ítalíu hafa komið þrír háskólanemar og tveir hver frá Bretlandi, Spáni, Hollandi og Portúgal. Fjöldi erlendra nemenda á háskólastigi sem hingað hafa komið á vegum Leonardó er ekki mikill ef borið er saman við íslenska háskólanema sem fara utan. Samtals hafa hingað komið 25 manns sem er meira en þriðjungi minna en fjöldi íslenskra háskólanema (79 einstaklingar) sem hafa nýtt sér Leonardó-mannaskipti.

Tilrauna- og rannsóknaverkefni

Frá 1995 hafa íslenskir aðilar verkstýrt 15 tilraunaverkefnum og einu rannsóknarverkefni (sjá lista yfir verkefni í viðauka 4).¹⁰ Flestir verkstýrenda starfa hjá háskólum, eða 5 talsins, og 3 starfa hjá rannsóknarstofnunum. Tveir verkstýrenda starfa hjá einkafyrirtækjum. Mikill meirihluti aðila sem verkstýrendur starfa hjá er á höfuðborgarsvæðinu. Þrjú af sextán eru utan höfuðborgarsvæðisins, á Norðurlandi, Norðurlandi eystra og á Suðurnesjum.

Þrjú verkefni hófust árið 1995 og hafa að meðaltali 3,25 verkefni hafist ár hvert á tímabilinu 1995-1999. Ekki er mikill munur eftir árum hversu mörg verkefni hófu göngu sína, enda aðeins um 16 verkefni að ræða.


Mynd 2.11 Verkstýrendur tilrauna- og rannsóknaverkefna, 1995-1999



Tilrauna- og rannsóknaverkefni eru samstarfsverkefni a.m.k. 3ja landa, og eins og sjá má á mynd 2.12 eru Danir helstu samstarfsaðilar íslenskra aðila sem verkstýra verkefnum. Samtals taka 8 aðilar frá Danmörku þátt en næst á eftir kemur Bretland með 6 þátttakendur. Þessi tvö lönd eru einnig þau sem flestir Íslendingar fara til í starfsþjálfun (sjá mynd 2.9 að ofan). Holland, Ítalía, Spánn og Írland eru einnig ofarlega á blaði hvað varðar samstarfsaðila í verkefnum. Minnst er þátttakan frá Noregi og Svíþjóð. Alls eiga verkefni í samstarfi við 15 lönd á EES-svæðinu.

¹⁰ Íslenskir aðilar hafa einnig tekið þátt í fjölda verkefna sem samstarfsaðilar. Nákvæmar tölur yfir fjölda þessara aðila liggja hins vegar ekki fyrir.

Mynd 2.12 Samstarfslönd íslenskra verkstýrenda Leonardó-tilrauna- og rannsóknaverkefna.



2.2 *Reynsla og mat af þátttöku*

Til að kanna áhrif Leónardó-áætlunarinnar og reynslu af þátttöku voru gerðar viðhorfskannanir meðal þátttakanda í áætluninni og meðal fyrirtækja. Skipta má þessum könnunum í fernt. Í fyrsta lagi voru tekin viðtöl við alla íslenska verkstýrendur Leonardó tilrauna- og rannsóknaverkefna. Allir 16 verkstýrendur svöruðu spurningalista. Í öðru lagi var gerð könnun meðal einstaklinga sem hafa tekið þátt í Leonardó mannaskiptum. Alls var leitað til 98 einstaklinga, þar af voru 41 karl og 57 konur. Í þriðja lagi voru könnuð viðhorf forsvarsmanna fyrirtækja, skóla, stofnana og stéttarféлага sem sent hafa einstaklinga í mannaskipti. Tuttugu forsvarsmenn svöruðu listanum, þar af 7 karlar og 13 konur. Í fjórða lagi voru könnuð viðhorf forsvarsmanna fyrirtækja. Markmiðið var að kanna almenna þekkingu stjórnenda á Leonardó-áætluninni og viðhorf til mikilvægis þátttöku í evrópsku samstarfi. Annars vegar voru lagðar tvær spurningar fyrir um 600 stjórnendur fyrirtækja á landinu. Tekið var tilviljanaúrtak úr fyrirtækjaskrá meðal fyrirtækja með fjóra eða fleiri starfsmenn. Af 600 fyrirtækjum sem haft var samband við svöruðu 357 fyrirtæki eða 68%. Hins vegar voru lagðar átta spurningar fyrir sérvalinn hóp 129 fyrirtækja af öllu landinu. Heildarfjöldi svarenda í þessari könnun var 106 sem er 82% svörun.

Að auki svöruðu forsvarsmenn Landsskrifstofu Leonardó skriflega ýmsum spurningum sem fyrir þá voru lagðar. Sama á við um aðila vinnumarkaðarins; Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins, en þau


sendu inn sameiginleg svör við spurningum. Einnig tók nefnd, sem skipuð var af menntamálaráðuneytinu til að hafa umsjón með gerð þessarar skýrslu, viðtöl við aðila sem koma að stjórn áætlunarinnar og við hagsmunaaðila úr menntakerfinu og atvinnulífinu.

2.2.1 Áhrif á gæði starfsmenntunar og þjálfunar

Tilrauna- og rannsóknaverkefni

Erfitt er að meta með áþreifanlegum hætti hvaða áhrif Leonardó-áætlunin hefur haft á gæði starfsmenntunar og þjálfunar á Íslandi, einkum vegna þess að af sextán tilrauna- og rannsóknaverkefnum undir íslenskrri verkefnastjórn var einungis fimm lokið árið 1999. Við mat á gæðum er því við takmarkaðan fjölda af verkefnum að styðjast. Allir verkstýrendur voru þó spurðir hvaða efni hefði verið framleitt sem miðaði að því að auka gæði starfsmenntunar og þjálfunar. Eins og sjá má á mynd 2.13 er algengast að verkefni hafi sett upp heimasíður. Þrjú verkstýrenda nefndu framleiðslu kennslubóka og þrjú margmiðlunardiska til notkunar í kennslu. Líklegt er að stór hluti þess efnis sem nefnt er, t.d. heimasíður, tímarit og bæklingar, sé ekki hugsað sem kennsluefni, heldur sem kynningarefni um viðkomandi verkefni.


Mynd 2.13 Verkstýrendur: Hvaða efni hefur verið gefið út í tengslum við verkefnið, sem miðar sérstaklega að því að auka gæði starfsmenntunar /þjálfunar?



Verkefnið ná til ýmissa sviða. Sem dæmi má nefna að þrjú eru á sviði starfsmenntunar og umhverfismála/umhverfisstjórnunar og tvö miða að því að efla stöðu fatlaðra nemenda. Einnig eru verkefni á sviði fjarkennslu og tungumálakennslu, en flest verkefni miða að þróun námsefnis í ákveðnum starfsnámsgreinum. Samkvæmt viðtölum við verkstýrendur leggur mikill meirihluti (12 talsins) fremur áherslu á málefni er tengjast grunnstarfsmenntun, heldur en starfstengdri símenntun.


Mjög fáir verkstjórnendur telja að það kennsluefni sem framleitt hefur verið hafi nýst í starfsmenntun á Íslandi. Einungis tveir töldu að kennsluefnið hefði nýst að miklu eða nokkru leyti í grunnstarfsmenntun. Alls töldu 11 verkstýrendur þessa spurningu ekki eiga við um sitt verkefni, annaðhvort vegna þess að verkefnið miðuðu ekki að framleiðslu kennslugagna, eða að þau væru komin svo stutt á veg að framleiðsla kennsluefnis væri ekki hafin. Nokkuð fleiri verkstýrendur, 5 talsins, töldu þó að kennsluefnið hefði nýst betur í starfstengdri símenntun.

Mynd 2.14 Verkstýrendur: Ef um framleiðslu kennsluefnis er að ræða, að hve miklu leyti telurðu að efnið hafi nýst í starfsmenntun/þjálfun á Íslandi?



Verkstýrendur voru einnig beðnir um að meta áhrif verkefnis síns á ýmsa þætti í starfsmenntakerfinu. Að mati þeirra munu niðurstöður verkefna fyrst og fremst stuðla að almennri eflingu starfsnáms og bættri stöðu þátttakenda og notenda á vinnumarkaði. Nýir kennsluhættir og notkun nýrrar upplýsingatækni voru einnig oft nefnd. Verkstýrendur töldu að verkefnið myndu síst stuðla að auknu vægi málanáms í starfsmenntun og tilkomu nýrra aðila í starfsmenntun.

Mynd 2.15 Verkstýrendur: Að hvaða leyti munu niðurstöður verkefnisins stuðla að eftirfarandi?




Allir nema einn verkstýrandi voru sammála um að verkefnum þeirra hefði verið vel tekið innan sinna stofnana/skóla/fyrirtækja. Einn sagði að verkefni sínu hefði verið mjög illa tekið innan stofnunar sinnar.

Mannskipti

Í könnun á viðhorfum 20 forsvarsmanna skóla, fyrirtækja og stofnana sem sent hafa nemendur utan í starfsþjálfun kom fram að 82% töldu að áætlunin hefði haft jákvæð áhrif á gæði starfsþjálfunar og menntunar. Flestir nefndu að með markvissari samanburði við önnur lönd ykjust gæði starfsmenntunar á Íslandi. Meirihlutinn taldi að áhrifin af þátttöku í mannskiptum kæmu einkum fram hjá þátttakendum sjálfum og í samskiptum einstaklinga, fremur en að breytingar hefðu orðið á starfsnámi og starfsmenntakerfinu. Var talið að áhrifin væru mest á þætti eins og „áhuga nemenda á námi sínu“ og „samskipti nemenda“ (sjá mynd 2.16).

Mynd 2.16 Forsvarsmenn: Hver finnst þér áhrifin á eftirfarandi þætti vera eftir þátttöku í mannskiptum? (Eingöngu spurt í skólum)




N=20

Forsvarsmenn voru einnig beðnir um að nefna tvo mikilvægustu ávinninga styrkþega af mannskiptum og nefndu margir, eða 44%, „innsýn inn í aðra menningarheima“ og „samskipti og tengsl“. Flestir líta því svo á að helsti ávinningurinn af þátttöku sé huglægur, þ.e. að víðsýni og þekking nemenda og starfsmanna aukist og að persónuleg tengsl skapist við starfssystkini erlendis.

Ef skoðaðar eru niðurstöður úr könnun meðal 98 einstaklinga sem þátt tóku í mannskiptum koma fram nokkuð aðrar áherslur hvað varðar ávinning. Flestir nefna tungumálakunnáttu sem mikilvægustu reynsluna af mannskiptum, sem er nokkuð ólíkt því sem kemur fram hjá forsvarsmönnum. Þriðji mikilvægasti þátturinn er talinn vera innsýn í aðra menningarheima, sem 18% nefndu, en forsvarsmenn töldu þennan þátt vera mikilvægastan. Þegar spurt var sérstaklega að tungumálakunnáttu töldu 81% að þeir hefðu bætt einhverju við tungumálakunnáttu sína eftir að hafa tekið þátt í mannskiptum.

Mynd 2.17 Þátttakendur í mannaskiptum: Ef reynslunni af mannaskiptunum væri skipt í fimm svið, hvaða svið finnst þér mikilvægust?



N=98

Almennt voru viðhorf þátttakenda mjög jákvæð gagnvart notagildi starfsreynslunnar fyrir nám og störf. Um 81% töldu að starfsþjálfunin hefði nýst fremur eða mjög mikið í núverandi starfi eða námi. Um 79% töldu sig hafa lært margt nýtt í viðkomandi starfsgrein, og nefndu flestir í því sambandi „nýjar vinnuáferðir og tækni“.

Viðhorf til þátttöku í áætluninni eru yfirleitt mjög jákvæð meðal þeirra hópa sem þátt tóku í könnuninni. Sú reynsla sem fæst af þátttöku er talin nýtast vel í námi/starfi, veita innsýn í aðra menningarheima, skapa möguleika á tengslum við starfssystkyni erlendis og bæta tungumálakunnáttu. Margt bendir hins vegar til að áhrifanna gæti síður á starfsmenntakerfið, námsskipulag og námsefni. Ekki hefur enn verið framleitt mikið af kennsluefni, enda aðeins 5 tilraunaverkefnum lokið og verkstýrendur telja ekki að kennsluefnið hafi verið mikið nýtt í skólakerfinu. Langflestir forsvarsmenn og þátttakendur nefndu félagslega og menningarlega þætti og yfirfærslu þekkingar sem helstu áhrif af starfsþjálfun erlendis.

2.2.2 Tengsl starfsmenntunar og vinnumarkaðar


Í hlutanum um umfang þátttöku í Leonardó kom fram að um 66 aðilar stóðu á bak við umsóknir um mannaskipti. Þar af voru 17 framhaldsskólar, 17 fyrirtæki, 8 skólar á háskólastigi, 7 opinberar stofnanir og ýmsir aðrir aðilar, s.s. fræðsluáðilar og samtök á vinnumarkaði. Fyrirtæki eru því 26% af heildarfjölda aðila sem hafa staðið að baki umsóknum. Hlutfallslega mikil þátttaka er meðal framhaldsskóla (44% allra í landinu) og skóla á háskólastigi (7 af 10). Hvað varðar íslenska verkstýrendur tilrauna- og rannsóknaverkefna, þá skilgreina

aðeins tveir af sextán sig sem starfsmenn fyrirtækis. Flestir skilgreina sig sem starfsmenn háskóla, rannsóknastofnana eða framhaldsskóla.

Eitt af markmiðum Leonardó-áætlunarinnar er að auka samstarf milli skóla, fyrirtækja og samtaka á vinnumarkaði. Í viðtölum sem tekin voru við ýmsa hagsmunaaðila áætlunarinnar, komu fram mjög ólíkar skoðanir á því hversu mikil þátttaka fyrirtækja og aðila úr atvinnulífinu ætti að vera. Þar réði miklu hvaðan úr starfsmenntakerfinu menn komu. T.d. voru viðmælendur úr atvinnulífinu nánast einróma um að efla þyrfti þátttöku og tengsl áætlunarinnar við fyrirtæki. Aðrir lögðu áherslu á að áætlunin væri fyrst og fremst starfsmenntaáætlun og ætti því aðallega að miða að þátttöku skóla og fræðsluaðila í atvinnulífinu.

Verkstýrendur voru spurðir álits á því hvort verkefni þeirra hefðu stuðlað að auknum tengslum milli skóla og atvinnulífs, og sögðu ellefu af sextán að verkefnin hefðu aukið tengsl milli innlendra fyrirtækja og innlendra skóla. Átta töldu að verkefnin hefðu aukið tengsl erlendra fyrirtækja og innlendra skóla.

Mynd 2.18 Verkstýrendur: Hefur verkefni þitt stuðlað að auknum tengslum milli fyrirtækja og skóla?




Í könnun sem var gerð meðal forsvarsmanna 357 fyrirtækja á landinu sem höfðu fjóra starfsmenn eða fleiri, þekktu 55% ekki neitt til Leonardó-áætlunarinnar. Einungis 10% töldu sig vita mikið eða nokkuð. Samtals eru þau fyrirtæki sem lítið eða ekkert vita um Leonardó-áætlunina um 80% af heildarfjölda fyrirtækja í úrtakinu. Nokkur munur var hins vegar á þekkingu á áætluninni eftir stærð fyrirtækja. Þeim var skipt í þrjá hópa eftir fjölda starfsmanna; fyrirtæki með 4 til 10 starfsmenn, fyrirtæki með 10 til 49 starfsmenn og fyrirtæki með 50 eða fleiri starfsmenn. Hlutfallslega mesta þekkingin á Leonardó-áætluninni var hjá forsvarsmönnum fyrirtækja með fimmtíu eða fleiri starfsmenn.¹¹ Um 21% þeirra vissu mikið eða nokkuð um áætlunina, en 35% vissu ekkert. Hlutfallslega


¹¹ Hlutfallslega meira er um lítil fyrirtæki á íslenskum vinnumarkaði en víða annars staðar í Evrópu, t.d. er meðalfjöldi starfsfólks á fyrirtæki í ESB-ríkjunum 6,4 á móti 3,5 hér á landi. Ef notuð er flokkun á stærð fyrirtækja eftir Evrópustaðli, þá starfar einungis um 13% íslensks vinnuafls í stórfyrirtækjum (250 starfsmenn eða fleiri). Símenntun – afl á nýrri öld (1998).

minnsta þekkingin var hjá forsvarsmönnum fyrirtækja með færri en tíu starfsmenn, en þar vissu á bilinu 60-70% ekkert um áætlunina.

Mynd 2.19 Fyrirtæki: Þekkir þú mikið, nokkuð, lítið eða ekkert til Leonardó-starfsmenntaáætlunar ESB?



Mynd 2.20 Fyrirtæki: Þekkir þú mikið, nokkuð, lítið eða ekkert til Leonardó-áætlunarinnar? (Svör flokkuð eftir stærð og veltu fyrirtækis)¹²



¹² Skilgreining á stærð og veltu fyrirtækja:

Ft. A: 50 starfsmenn eða fleiri, ársvelta 100 milljónir kr. eða meira.

Ft. B: 10 til 49 starfsmenn, ársvelta undir 100 milljónum kr.


Ft. C: Færri en 10 starfsmenn, ársvelta 100 milljónir kr. eða meira.

Ft. D: Færri en 10 starfsmenn, ársvelta undir 10 milljónum kr.

Ft. E: 10 til 49 starfsmenn, ársvelta 100 milljónir kr. eða meira.


Í sömu könnun var einnig spurt hversu miklu máli það skipti fyrir fyrirtækið að taka þátt í evrópsku samstarfi á sviði starfsmenntunar og þjálfunar á næstu árum. Um 37% forsvarsmanna sögðu að það skipti fyrirtæki þeirra miklu eða nokkru máli. Um 53% forsvarsmanna töldu þátttöku í slíku samstarfi skipta fyrirtæki sitt mjög litlu eða frekar litlu máli. Þetta bendir til að talsverður hluti forsvarsmanna telji mikilvægt að taka þátt í evrópsku samstarfi á sviði starfsmenntunar. Jarðvegur fyrir aukinni þátttöku fyrirtækja í slíku samstarfi virðist því vera til staðar.

Mynd 2.21 Fyrirtæki: Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta fyrirtæki þitt að taka þátt í evrópsku samstarfi á sviði starfsmenntunar og þjálfunar á næstu árum?



Marktækur munur fannst á afstöðu forsvarsmanna fyrirtækja til þátttöku í evrópsku samstarfi eftir starfsgreinum. Flest fyrirtæki sem forsvarsmenn töldu skipta miklu eða frekar miklu máli að taka þátt í evrópsku samstarfi störfuðu á sviði opinberrar stjórnáslu og í þjónustugeiranum (sjá mynd 2.22). Minnstur var áhuginn í útgerð og fiskvinnslu.

Mynd 2.22 Fyrirtæki: Mikilvægi þátttöku í evrópsku samstarfi á sviði starfsmenntunar og þjálfunar á næstu árum, eftir starfssviði fyrirtækis (mælt á kvarðanum 1-5)



Í könnun sem gerð var meðal forsvarsmanna skóla og fyrirtækja sem sent hafa einstaklinga í starfsþjálfun/nám erlendis kom fram að um 67% telja að áætlunin hafi stuðlað að auknu hlutverki aðila vinnumarkaðarins innan starfsmenntakerfisins. Helmingur verkstýrenda töldu að verkefnin myndu stuðla að aukinni þátttöku aðila vinnumarkaðarins í starfsmenntun. Sú skoðun virðist því nokkuð ríkjandi, a.m.k. meðal forsvarsmanna og verkstýrenda, að áætlunin hafi stuðlað að aukinni þátttöku aðila vinnumarkaðarins. Ýmis starfsgreinaráð og fræðsluráð starfsgreina hafa sent fólk í starfsþjálfun, svo og tvönn heildarsamtök á vinnumarkaði. Engin slík heildarsamtök eru hins vegar verkstýrendur tilrauna- eða rannsóknaverkefna. Menningar- og fræðslusamband alþýðu hefur þó tekið þátt í tilraunaverkefni sem samstarfsaðili. Ekki hefur borið mikið á því að samtök vinnumarkaðarins hafi tekið að sér sérstakt hlutverk í því að miðla upplýsingum til félagsmanna um evrópskar samstarfsáætlanir, a.m.k. ekki með formlegum hætti. T.d. var aðeins að finna upplýsingar um Leonardó og aðrar evrópskar áætlanir á heimasíðu eins af þremur stærstu samtökum atvinnulífsins, þ.e. á heimasíðu samtaka atvinnurekenda.¹³

Óvíst er hvort Leonardó-áætlunin hafi með beinum hætti stuðlað að tilkomu nýrra aðila á sviði starfsmenntamála. Áætlunin hefur hins vegar skapað skólum og símenntunarstofnunum atvinnulífsins ný tækifæri, og bendir margt til þess að ýmsir sjálfstæðir aðilar á sviði ráðgjafar- og upplýsingastarfsemi hafi í auknum mæli farið að sinna evrópskum rannsókn- og samstarfsáætlunum.

¹³ Í viðtali við fulltrúa samtaka atvinnurekenda kom fram að vinsælasta efnið á heimasíðu samtakanna væru Evrópumál.

2.2.3 Aðgangur markhópa að starfsmenntun og þjálfun

Alls hafa um 514 einstaklingar tekið þátt í Leonardó mannaskiptum á tímabilinu 1995 til 1999.¹⁴ Konur eru í meirihluta þeirra sem farið hafa utan í starfsþjálfun/nám, eða 51%. Stærsti hópurinn sem fer utan eru nemendur á framhaldsskólastigi, eða 42%, en ungt fólk á vinnumarkaði er um 29%. Ekki er ljóst hversu stór hópur þess fólks sem kemur utan skóla er atvinnulaust ungt fólk, en ekki er líklegt að það sé stór hópur. Aðalástæðan fyrir því er lítið atvinnuleysi¹⁵ á Íslandi síðustu ár og eins er þetta sá hópur sem einna erfiðast er að ná til og virkja til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Erfitt er hins vegar að leggja hlutlaust mat á hversu mikil eða lítil þátttaka einstakra hópa er í áætluninni, nema að alþjóðlegur samanburður liggi fyrir um þátttöku slíkra hópa.


Meðal tilrauna- og rannsóknaverkefna eru þrjú verkefni undir íslenskri verkstjórn sem hafa lagt áherslu á að bæta aðgang tiltekinna hópa að starfsmenntun. Í fyrsta lagi er verkefni á sviði dyslexíu, sem hefur það að markmiði að auka námshæfni og sjálfstraust iðnnema með dyslexíu, t.d. með hönnun sérstaks námsefnis. Í öðru lagi er verkefni sem hefur að markmiði að auðvelda kennurum á grunnskólastigi að taka á móti fötluðum nemendum. Í þriðja lagi miðar rannsóknarverkefnið „Færnikröfur starfa“, að því að rannsaka breytingar á eðli ófaglærðra starfa og nýta þær upplýsingar við uppbyggingu starfsmenntabrauta og símenntunar fyrir ófaglært fólk.

Aukin vitund markhópa áætlunarinnar á mikilvægi starfsþjálfunar og þeim tækifærum sem áætlunin býður uppá veltur mjög á því hversu vel hefur tekist að koma upplýsingum um áætlunina til skila. Þátttakendur í áætluninni voru spurðir út í kynningar- og upplýsingamál, hvar þeir hefðu fyrst fengið upplýsingar um Leonardó-áætlunina, hvort auðvelt væri að nálgast upplýsingar og hvað mætti betur fara. Flestir verkstýrendur, 9 af 16, höfðu fyrst fengið upplýsingar um áætlunina í gegnum íslensku landsskrifstofuna. Fimm sögðust hafa fengið upplýsingar frá innlendum samstarfsfélögum. Svipaða sögu er að segja af forsvarsmönnum skóla og fyrirtækja. Flestir höfðu heyrt um Leonardó á sérstökum kynningarfundum eða beint frá Landsskrifstofunni. Nokkrir nefndu dagblöð og persónuleg tengsl. Nokkuð aðrar áherslur komu fram í svörum þátttakenda í mannaskiptum. Þar sögðust 45% hafa heyrt um Leonardó-áætlunina hjá skólanum sínum og 22% höfðu fengið upplýsingar í gegnum vini. Aðeins 1% höfðu fengið að vita um áætlunina hjá Landsskrifstofunni (sjá mynd 2.23). Þó ber að hafa í huga að einstaklingar geta ekki sótt um styrki til mannaskipta beint til Landsskrifstofunnar og því hefur markhópur fyrir kynningar aðallega verið skólar, stofnanir og fyrirtæki.

¹⁴ Til fróðleiks má nefna að á svipuðu tímabili fóru tæplega 580 íslenskir nemendur erlendis á vegum Erasmus-áætlunarinnar. Þó ber að taka samanburði milli Erasmus og Leonardó með fyrirvara. Erasmus nær einungis til háskólastigsins og er aðeins ein af nokkrum undiráætlunum Sókrates-áætlunarinnar. Aðrir þættir torvelda samanburð, t.d. er erfiðara fyrir nemendur í starfsþjálfun erlendis (Leonardó) að fá þjálfunina viðurkennda í heimalandi sínu, heldur en fyrir háskólanema að fá nám sitt erlendis metið til eininga í heimaskóla (Erasmus). Á móti kemur að Leonardó-styrkir eru almennt hærri en Erasmus styrkir. Sjá Le Magazine – Educational Culture in Europe (No.12, 1999).


¹⁵ Atvinnuleysi á Íslandi hefur minnkað úr 4,9% árið 1995 í 2,7% árið 1998. Atvinnuleysi árið 1998 var þó mest meðal fólks á aldrinum 16-24, eða 6%. Sjá Landshagir (1999).

Mynd 2.23 Þátttakendur í mannaskiptum: Hvar fékkstu fyrst upplýsingar um Leonardó-mannaskipti?




Nokkur munur er á hversu vel mönnum þykir staðið að kynningarmálum áætlunarinnar. Meirihluti verkstýrenda, 66%, telur að áætlunin hafi verið nógu vel kynnt hér á landi og 73% forsvarsmanna fyrirtækja og skóla telur að upplýsingar um áætlunina séu aðgengilegar. Meirihluti þátttakenda í mannaskiptum, eða 69%, telur hins vegar að upplýsingar um áætlunina séu ekki nógu aðgengilegar, og að auka þurfi beinar kynningar í skólum og fyrirtækjum.

Mynd 2.24 Þátttakendur í mannaskiptum: Telur þú að upplýsingar um mannaskipti séu aðgengilegar?



Einnig kom fram í könnun á viðhorfum forsvarsmanna 106 fyrirtækja á landinu að helsta hindrunin fyrir þátttöku í Leonardó væri skortur á upplýsingum og kynningu. Um 72% nefndu þetta sem ástæðu, en einungis 14% sögðust ekki hafa áhuga á þátttöku (sjá mynd 2.25).

Mynd 2.25 Fyrirtæki: Hvað hefur helst staðið í vegi fyrir þátttöku fyrirtækisins í Leonardó?



Þegar rætt var um hvað þyrfti helst að gera til að auka kynningu á áætluninni, var áberandi hversu oft atvinnulífið var nefnt. Þetta kom einkum fram í viðtölum við verkstýrendur og ýmsa hagsmunaaðila áætlunarinnar. Vandinn er hins vegar sá að markhópar áætlunarinnar eru mjög ólíkir, og ekki er víst að sömu aðferðir dugi til að koma upplýsingum til þeirra. Mun líklegra er að aðilar úr skólakerfinu fylgist betur með upplýsingum um styrki og alþjóðlegt samstarf á sviði menntunar og þjálfunar heldur en flest fyrirtæki. Þessu atriði var lýst á eftirfarandi hátt af fulltrúa samtaka á vinnumarkaði:

„Nægar upplýsingar eru til en þær eru misaðgengilegar. Þeir sem eru handgengnir „netinu“ eiga auðvelt með að sækja sér upplýsingar um Leonardó. Aðrir verða að reiða sig á annars konar upplýsingagjöf. Forsvarsmenn lítilla fyrirtækja og starfsmenn þeirra þurfa frekar á beinni markaðssetningu að halda en tilvísun á netið. Það þarf aðrar aðferðir til að ná til þessara aðila. Umsjónaraðilar Leonardó-áætlunarinnar þurfa að búa yfir kunnáttu og reynslu til að ná til fyrirtækjanna. Nauðsynlegt er að umsjónaraðilar beiti sér ákveðnar í markaðssetningu Leonardó gagnvart fyrirtækjum.“

Í viðtölum kom fram að fulltrúar samtaka á vinnumarkaði leggja mikla áherslu á aukna þátttöku starfsmanna fyrirtækja í starfsmenntun og evrópsku samstarfi. Þeir telja jafnframt að þau tækifæri sem Leonardó-áætlunin bjóði uppá hafi ekki verið kynnt nógu vel fyrir þessum markhópi. Aðrir hafa hins vegar bent á að fyrirtæki hafi einfaldlega takmarkaða getu og áhuga á að sinna oft tímafreku alþjóðlegu samstarfi.

Þær upplýsingar sem fram hafa komið benda til þess að nokkur munur sé á afstöðu markhópa til kynningarmála áætlunarinnar. Nokkuð stór meirihluti verkstýrenda og aðila sem sent hafa einstaklinga utan í starfsþjálfun telja að áætlunin hafi verið vel kynnt hér á landi og upplýsingar um hana séu aðgengilegar. Tæplega 70% styrkþega í mannaskiptum telja hins vegar að upplýsingar um áætlunina séu ekki aðgengilegar. Mikill meirihluti forsvarsmanna fyrirtækja nefndi skort á kynningu og upplýsingum sem helstu hindrunina fyrir hugsanlegri þátttöku. Tiltölulega fáir nefndu atriði eins og lítinn áhuga og tíma.

2.2.4 „Evrópuviddin“ í starfsmenntun og þjálfun

Þátttaka í Leonardó-áætluninni hefur farið vaxandi frá því hún hófst árið 1995. Fyrsta árið tóku 57 einstaklingar þátt í mannaskiptum. Árið 1997 voru þeir 123. Þó að ekki liggi fyrir upplýsingar um þá sem hafa komið til Íslands í starfsþjálfun í flokki I, þá gefa tölur um fjölda erlendra háskólanema til kynna að nokkurt ójafnvægi ríki í mannaskiptum til og frá landinu. Evrópskir háskólanemar sem hingað hafa komið á vegum Leonardó í starfsþjálfun eru mun færri en íslenskir háskólanemar sem fara utan.


Verkefnum sem Íslendingar verkstýra hefur einnig fjölgað jafnt og þétt. Álíka mörg verkefni hafa verið samþykkt á hverju ári, yfirleitt 3 til 4 verkefni. Jafnframt hafa íslensk fyrirtæki og skólar verið þátttakendur í tilraunaverkefnum undir verkstjórn annars lands. Ekki liggja hins vegar fyrir upplýsingar um umfang þeirrar þátttöku.

Í nemenda- og kennaraskiptum hafa helstu samstarfslönd verið Bretland, Danmörk og Ítalía, en Íslendingar hafa sótt heim öll lönd ESB að undaskildum tveimur. Danmörk og Bretland eru einnig tvö stærstu samstarfslönd Íslendinga í tilrauna- og rannsóknaverkefnum. Um 25% samstarfsaðila í verkefnum sem Íslendingar verkstýra eru frá þessum tveimur löndum.

Áður hefur verið nefnt að samstarfið virðist ekki ennþá hafa skilað sér í miklum breytingum á starfsmenntakerfinu, t.d. á námsefni eða námsskipulag. Áætlunin hefur fremur skilað sér í nýrri þekkingu og betri skilningi þátttakenda, á starfsmenntakerfum annarra landa og þannig eflt skilning á styrk og veikleika starfsmenntunar heima fyrir. Íslendingar hafa ekki einvörðungu kynnst starfsmenntakerfum landa eins og Bretlands og Danmerkur, en einnig landa sunnar í álfunni, eins og Ítalíu og Frakklands, en samstarf við þau hefur verið allnokkuð.


Í viðtölum við alla 16 íslensku verkstýrendur kom fram að fjórtán þeirra töldu að þátttaka í verkefnum hefði leitt til betri skilnings þeirra á starfsmenntun og þjálfun í öðrum þáttökulöndum. Jafnframt töldu 11 verkstýrendur að samstarfið hefði skilað sér í nýrri þekkingu sem nýst gæti í starfsmenntun á Íslandi.

Mynd 2.26 Verkstýrendur: Telurðu að verkefnið hafi leitt til betri skilnings þíns á starfsmenntun/þjálfun í öðrum þáttökulöndum?




Tæplega 70% verkstýrenda telja mjög líklegt að stofnanir þeirra muni halda áfram evrópsku samstarfi á sviði starfsþjálfunar eftir að Leonardó-verkefnum þeirra lýkur. Einungis einn verkstýrandi taldi að ekki yrði um áframhaldandi samstarf að ræða. Nokkrir þeirra sem svöruðu játandi töldu alveg eins líklegt að áframhaldandi samstarf myndi fara fram á öðrum vettvangi en Leonardó.

Mynd 2.27 Verkstýrendur: Telurðu að stofnun þín muni halda áfram evrópsku samstarfi á sviði starfsmenntunar/þjálfunar eftir að Leonardó- verkefninu lýkur?



Reynsla í alþjóðasamskiptum eða starfsþjálfun erlendis er ekki skilgreindur hluti af starfsnámi á framhaldsskólastigi á Íslandi, en um 70% forsvarsmanna skóla og fyrirtækja telja hins vegar að svo ætti að vera:


Mynd 2.28 Forsvarsmenn: Finnst þér að reynsla í alþjóðasamskiptum eða starfsþjálfun erlendis ætti að vera skilgreindur hluti af námi á framhaldsskólastigi/verknámi?



N=20

Hjá flestum sem hafa farið í mannskipti virðist áhuginn á alþjóðlegum samskiptum hafa aukist við að taka þátt í Leonardó. Um 79%, (77 af 98), sögðu að áhugi þeirra á að stunda nám eða að starfa erlendis hefði aukist. Einungis einn hafði minni áhuga en áður á alþjóðlegum samskiptum.

Mynd 2.29 Þátttakendur í mannskiptum: Hefur þátttaka þín í Leonardó mannskiptum haft áhrif á áhuga þinn á að læra eða starfa erlendis?




Þátttaka í Leonardó hefur aukið til muna samstarf Íslands við Evrópuþjóðir á sviði starfsmenntunar og glætt áhuga á auknu samstarfi. Evrópusamstarf er þó hvergi formlega skilgreindur hluti af starfsnámi né bundið í námskrá. Beinar tilvísanir í Leonardó-áætlunina hafa heldur ekki komið fram í opinberum skjölum eða yfirlýsingum stjórnvalda, einungis almennar tilvísanir um mikilvægi alþjóðasamstarfs. Ekki er minnst á Leonardó-áætlunina eða alþjóðlegt samstarf á sviði menntamála í lögum eða reglugerðum. Það þýðir þó ekki að þátttaka í Leonardó hafi ekki skilað sér í aukinni vitund þátttakenda um mikilvægi alþjóðlegs samstarfs í starfsmenntamálum, enda benda viðhorfskannanir greinilega til að svo sé.

2.2.5 Viðhorf til nemenda- og kennaraskipta

Ljóst er að meirihluti þeirra sem hafa komið að áætluninni telja mjög mikilvægt að fólk í starfsmenntakerfinu fari á milli landa og afli sér nýrrar þekkingar. Í þessum efnum hefur Leonardó-áætlunin opnað nýjar dyr og skapað ný tækifæri. Allir aðspurðra þátttakenda í mannskiptum sögðu að þeir gætu mælt með því við aðra að sækja um styrk til mannaskipta í Leonardó. Eins sögðu 19 af 20 forsvarsmönnum að stofnanir þeirra myndu halda áfram að sækja um styrki til mannaskipta. Helsta ávinning af alþjóðlegum hreyfanleika töldu þeir felast í „auknum tengslum fyrirtækja og stofnana“, „flutningi á þekkingu“, „aukinni starfsreynslu“ og „auðveldari viðskiptatengslum“.


Fram hefur komið að stór hluti fyrirtækja telur alþjóðlegt samstarf á sviði starfsmenntunar mjög mikilvægt. Mörg fyrirtækjanna vissu þó lítið um Leonardó-áætlunina. Vaxandi skilningur er hins vegar innan atvinnulífsins á nauðsyn símenntunar fyrir samkeppnishæfni og framleiðni. Um 54% fyrirtækja sem töldu mikilvægt að taka þátt í evrópsku samstarfi í starfsmenntun sögðu það mikilvægt til að styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækisins. Margir nefndu einnig að slíkt samstarf myndi auka færni starfsmanna og stjórnenda fyrirtækisins.

Mynd 2.30 Fyrirtæki: Hvers vegna telurðu mikilvægt að taka þátt í evrópsku samstarfi á sviði starfsmenntunar og –þjálfunar á næstu árum?



Ein hugsanleg vísbending um viðhorf atvinnulífsins til alþjóðlegra mannaskipta er staða þátttakenda á vinnumarkaði. Í spurningu sem lögð var fyrir þátttakendur, var spurt hversu vel þátttaka í mannaskiptum hefði nýst viðkomandi í umsóknum um störf eða nám. Um 58% sögðu að þeir hefðu alltaf getað nýtt sér hana, en 25% sögðust ekki hafa getað nýtt sér þátttökuna.

Mynd 2.31 Þátttakendur í mannaskiptum: Hefur reynslan í mannaskiptum Leonardó nýst þér í umsóknum um störf/nám?




Meðal nemenda á háskólastigi hefur verið mest ásókn í mannaskipti úr viðskiptafræði og heilbrigðisgreinum, en 44% allra nemenda hafa komið úr þessum tveimur greinum. Í flokki I hefur mesta ásóknin verið úr starfsgreinum á sviði hótél- og veitingareksturs og ferðaþjónustu. Nokkur þátttaka hefur verið úr heilbrigðisgreinum, félagsráðgjöf og hárið, en aðrar greinar eru mun minna áberandi.

2.2.6 Útbreiðsla niðurstaðna

Þegar útbreiðsla niðurstaðna úr Leonardó-verkefnum er skoðuð verður að hafa í huga að aðeins fimm tilraunaverkefnum var lokið árið 1999. Ýmis konar efni hefur þó verið framleitt þrátt fyrir að verkefnum sé ekki lokið. Margvíslegar leiðir hafa verið farnar við að kynna efni og niðurstöður verkefna fyrir væntanlegum notendum. Tvær mest notuðu leiðirnar eru netið og ráðstefnur, en sjö verkefni hafa verið kynnt með hvorum hætti.


Mynd 2.32 Verkstýrendur: Hvernig hafa upplýsingar um niðurstöður verkefnisins verið kynntar væntanlegum notendum?




Tveir þriðju hlutar verkstýrenda telja að leggja þurfi meiri vinnu í að kynna niðurstöður verkefna. Einungis einn telur það ekki þurfa, hinir eru ýmist óvissir eða kynning hefur ekki enn hafist.

Meirihluti verkstýrenda, eða 56%, telur að stofnun sín eða verkefni muni ekki nýta sér niðurstöður úr öðrum Leonardó-verkefnum. Einungis tveir af sextán telja auðvelt að nálgast niðurstöður úr öðrum Leonardó-verkefnum. Sjö segja þessa spurningu ekki eiga við sem þýðir líklega að þeir hafa ekki leitað eftir upplýsingum um önnur verkefni.

Mynd 2.33 Verkstýrendur: Mun verkefni þitt nýta sér niðurstöður úr öðrum Leonardó-verkefnum?



Mynd 2.34 Verkstýrendur: Finnst þér auðvelt að nálgast niðurstöður úr öðrum Leonardó-verkefnum




Mikill meirihluti verkstýrenda telur að það þurfi að leggja meiri vinnu í að kynna niðurstöður verkefna og að erfitt sé að nálgast niðurstöður úr öðrum Leonardó-verkefnum. Nokkur áhugi er fyrir að nýta niðurstöður annarra verkefna. Þetta styður þau sjónarmið sem eru rík meðal ýmissa aðila sem að áætlunni koma, t.d. aðila vinnumarkaðarins og Landsskrifstofunnar að mikið vanti upp á kynningu á niðurstöðum verkefna. Ekki er einungis nauðsynlegt að huga betur að kynningu á verkefnum undir íslenskri verkstjórn heldur einnig hvernig megi koma erlendum verkefnum betur á framfæri héraendis og auka þannig samnýtingu á verkefnum.

2.2.7 Sýnileiki og ímynd áætlunarinnar

Verkstýrendur voru spurðir hverja þeir töldu vera almenna ímynd áætlunarinnar og sögðu 11 af 16 ímynd hennar vera frekar jákvæða. Fjórir töldu hana vera frekar eða mjög neikvæða (sjá mynd 2.35).

Mynd 2.35 Verkstýrendur: Hverja telurðu ímynd áætlunarinnar vera almennt meðal þeirra sem að henni koma?



N=16

Fram hefur komið í umfjöllun í þessum kafla að viðhorf þátttakenda til áætlunarinnar eru almennt jákvæð. Ýmis neikvæð sjónarmið hafa þó einnig komið fram. Í því sambandi nefna þátttakendur yfirleitt þætti sem snúa að stjórnun áætlunarinnar. Um 87% íslenskra verkstýrenda sögðust t.d. hafa lent í miklum eða nokkrum erfiðleikum með styrkgreiðslur, að þær hafi ekki borist á réttum tíma. Um 75% töldu sig hafa lent í erfiðleikum með þjónustu ESB á verkefnatímanum. Þátttakendur í mannaskiptum nefndu helst lágur styrkuppþæðir og ónógar upplýsingar sem neikvæðar hliðar á áætluninni. Lýsing eins hagsmunaaðila áætlunarinnar lýsir e.t.v. vel ímynd áætlunarinnar:

„Fagleg ímynd áætlunarinnar er jákvæð og við höfum ekki orðið vör við annað en að fólk sé sammála hugmyndafræðinni sem áætlunin stendur fyrir. Stjórnunarlega er ímynd áætlunarinnar ekki góð, sérstaklega hafa tilraunaverkefni slæma ímynd gagnvart skrifræði og hægagangi hjá framkvæmdastjórninni....reynsla þeirra verkefnisstjóra og þátttakenda sem hafa lent í þessu spyrst vitaskuld út og ýtir undir neikvæða ímynd af Evrópusambandinu og áætlunum á vegum þess.“

Annar aðili taldi að efla þyrfti þátttöku atvinnulífsins til að bæta ímynd áætlunarinnar:

„Ímynd áætlunarinnar er óskýr. Leonardóáætlunin er starfsmenntaáætlun en í fyrirtækjum landsins hafa menn litla hugmynd um tilvist hennar og tilgang. Nauðsynlegt er að bæta úr þessu í framtíðinni með því að auka áhrif og ábyrgð atvinnulífsins sjálfs á áætluninni og framkvæmd hennar....áætlunin hefur haft mikil áhrif í skólum, bæði framhaldsskólum og háskólum en síður úti í atvinnulífinu þar sem


hún á fyrst og fremst að hafa áhrif. Góðar undantekningar eru frá þessari reglu, t.a.m. eru áhrif áætlunarinnar mikil í einstökum iðngreinum, sem tekið hafa þátt.“

Hin faglega hlið, og hugmyndirnar og markmiðin á bak við Leonardó eiga sér því án efa mjög jákvæða ímynd meðal þeirra sem að áætluninni koma, þó að menn séu ekki á eitt sáttir um framkvæmdahlið hennar. Komið hefur skýrt fram hjá öllum hópum þátttakenda að styrkur áætlunarinnar felist í yfirfærslu á þekkingu milli landa og myndun persónlegra tengsla. Þar skipta tækifæri á starfsþjálfun í öðru landi mestu máli. Þar með er ekki sagt að menn telji aðra og meira „hlutlæga“ þætti ekki skipta máli. Flestir verkstýrendur töldu t.d. að þróun gagna til kennslu og þjálfunar skipti mestu máli fyrir starfsmenntun og þjálfun á Íslandi. Í þessari úttekt er hins vegar haldið fram að Leonardó-áætlunin hafi enn ekki skilað miklu á þessu sviði. Þetta sjónarmið kemur einnig fram í svari forsvarsmanna íslensku Landsskrifstofunnar við spurningum sem fyrir þá voru lagðar:

„Það er afdráttarlaus skoðun okkar að mannaskipti og persónuleg tengsl í gegnum tilraunaverkefni þar sem þátttakendur heimsækja hvern annan séu sá þáttur sem mestu máli skiptir fyrir starfsmenntun á Íslandi. Mjög margir aðilar taka þátt í mannaskiptum og dreifing á upplýsingum verður því mikil....Þetta viðhorf mótast líka af því að mjög erfitt er að dreifa nægilega vel niðurstöðum tilraunaverkefna – þannig að útbreiðslan og áhrifin á starfsmenntakerfið verða ekki eins mikil.“

Upplýsingar um að hve miklu leyti áætlunin hefur haft áhrif á stöðu og ímynd starfsmenntunar og starfsréttinda á Íslandi eru takmarkaðar. Flestir geta verið sammála um að ímynd starfsréttinda- og menntunar hefur farið batnandi á síðustu árum. Þar hefur skipt miklu lagasetning stjórnvalda, aukin þátttaka og samráð atvinnulífs og skóla og aukin vitund meðal fyrirtækja um mikilvægi símenntunar. Þótt erfitt sé að meta þátt Leonardó í þeirri þróun, er ekki ólíklegt að sú reynsla og þekking sem orðið hefur til með þátttöku í Leonardó hafi haft bein eða óbein jákvæð áhrif á þróun undanfarinna ára.

Mynd 2.36 Verkstýrendur: Hvaða áhrif telurðu að áætlunin hafi í þá veru að bæta ímynd starfsmenntunar og starfsréttinda á Íslandi?



3. **Samantekt og niðurstöður**

Þátttaka og áhrif

- Þátttaka Íslendinga í Leonardó da Vinci-áætluninni hefur skilað sér í aukinni þekkingu og hugmyndum í starfsmenntun hér á landi, og eftt tengsl aðila úr íslenska starfsmenntakerfinu við önnur lönd. Þátttaka í mannaskiptum og tilraunaverkefnum hefur beint sjónarhorninu í auknum mæli að því sem er að gerast í Evrópu á sviði starfsmenntunar og þannig eftt skilning á sterkum og veikum hliðum starfsmenntunar á Íslandi. Almennt ríkja mjög jákvæð viðhorf til áætlunarinnar meðal þátttakenda, einkum til mannaskipta. Áætlunin virðist þó ekki hafa haft bein áhrif á aðgerðir stjórnvalda, stefnuyfirlýsingar, lög eða reglur í starfsmenntamálum.
- Mikil þátttaka var í mannaskiptum Leonardó tímabilið 1995-1999. Samtals fóru rúmlega 500 einstaklingar utan á vegum áætlunarinnar. Jafnvægi var í þátttöku kynjanna og samstarf við flest ríki Evrópusambandsins. Mest var þátttakan meðal framhaldsskólanema og ungs fólks á vinnumarkaði. Þó að almenn þátttaka í Leonardó hafi verið góð, þá var hún að sama skapi nokkuð greinabundin. Flest verkefnanna voru á sviði hótél- og veitingagreina, ferðaþjónustu, viðskiptafræði, heilbrigðisvísinda og háriðnar. Aðrar greinar, t.d. ýmsar hefðbundnar iðngreinar, framleiðslugreinar, fiskvinnsla og landbúnaður voru mun minna áberandi. Ekki var hægt að afla upplýsinga um alla þá sem komu til Íslands í starfsþjálfun/nám, einungis fjölda nema á háskólastigi, en þær tölur benda til að mun færri komi hingað til lands en fara utan.
- Að baki einstaklingum í mannaskiptum stóðu samtals 66 skólar, fyrirtæki, stofnanir og ýmis samtök. Flestir þessara aðila eru skólar á framhaldsskólastigi og fyrirtæki. Hlutfallslega mest var þátttakan meðal háskóla, en 7 af 10 skólum á háskólastigi hafa tekið þátt í mannaskiptaverkefnum.
- Helstu samstarfslönd Íslendinga, bæði í mannaskiptaverkefnum og tilrauna- og rannsóknaverkefnum, voru Bretland og Danmörk, en einnig var mikið samstarf við Ítalíu og Austurríki, einkum í mannaskiptum. Íslendingar áttu samstarf við nánast öll aðildarríki ESB.
- Tilrauna- og rannsóknaverkefni hafa ekki skilað sér í miklum sýnilegum árangri í þróun nýrra kennslugagna og/eða –aðferða. Verkefnin standa oft utan starfsmenntakerfisins, t.d. eru aðeins tveir af sextán íslenskum verkstýrendum starfsmenn framhaldsskóla. Í Leonardó II þarf að leggja áherslu á að fá fleiri verkefni frá skólum og öðrum aðilum sem koma beint að starfsmenntun.

- Stjórnvöld hafa ekki sett landsmarkmið í tengslum við áætlunina eða ákveðna forgangsröðun við val á verkefnum. Skólar hafa t.d. ekki fengið beina hvatningu um þátttöku. Skiptar skoðanir eru þó um hvert hlutverk stjórnvalda eigi að vera.
- Þó að mikið starf hafi verið unnið í því að kynna og auglýsa áætlunina og þátttaka í henni verið mjög góð, hafa ýmsir aðilar, einkum úr atvinnulífinu, talið að fyrirtæki hafi ekki verið virkjuð nógu vel til þátttöku. Viðhorfskönnun meðal forsvarsmanna fyrirtækja leiddi t.a.m. í ljós að stór meirihluti þeirra vissi lítið eða ekkert um áætlunina. Þekking á áætluninni fór mjög eftir stærð fyrirtækja, þ.e. forsvarsmenn stærri fyrirtæki vissu meira en forsvarsmenn lítilla fyrirtækja. Hins vegar virtist vera jarðvegur fyrir aukinni þátttöku því allt að helmingur forsvarsmanna taldi mikilvægt að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði starfsmenntunar.
- Bæta þarf dreifingu á niðurstöðum tilrauna- og rannsóknaverkefna. Niðurstöðurnar hafa ekki fengið mikla dreifingu og upplýsingar um þær eru ekki aðgengilegar. Hingað til hefur það að mestu verið í höndum verkefnastjóranna sjálfra að koma niðurstöðum á framfæri. Í samstarfi við skóla og atvinnulíf ætti Landsskrifstofan að koma á fót gagnabanka fyrir niðurstöður úr tilrauna- og rannsóknaverkefnum sem íslenskir aðilar hafa verkstýrt. Einnig þarf framkvæmdastjórn ESB að gera átak í að auka aðgengi að upplýsingum á þessu sviði, svo auka megi samnýtingu á verkefnum.
- Stuðla ber að auknu jafnvægi í nemenda- og kennaraskiptum til og frá landinu. Þær tölur sem liggja fyrir um fjölda erlendra styrkþega í starfsþjálfun á Íslandi benda til að mun færri komi hingað til lands en fara utan.

Framkvæmd og skipulag

- Það mats- og greiðsluferli sem Landsskrifstofan hefur haft umsjón með, einkum fyrir mannaskipti, hefur gengið mjög greiðlega. Ferlið sjálft er ekki flókið og litlar tafir hafa orðið á greiðslum á styrkjum til þátttakenda í mannaskiptum. Almennt ríkir ánægja meðal þátttakenda í áætluninni með þjónustu Landsskrifstofunnar á þessum vettvangi. Í því sambandi skipti miklu að Rannsóknþjónustan, sem rekur Landsskrifstofu Leonardó, hafði áður séð um rekstur Comett-áætlunar ESB, sem er einn af forverum Leonardó. Einnig hefur Rannsóknþjónustan tekið þátt í rekstri kynningarmiðstöðvar fyrir rammaáætlanir ESB í rannsóknum og þróun og séð um rekstur þjónustumiðstöðvar fyrir náms- og starfsráðgjafa. Þetta hefur gert viðskiptavinum áætlunarinnar kleift að nálgast sérfræðiþekkingu og reynslu á sviði Evrópusamstarfs undir einu þaki.

- Landsskrifstofan hefur haft mikið sjálfstæði, tryggan rekstrargrundvöll og ráðið yfir nægum en jafnframt sveigjanlegum mannafla. Skrifstofan hefur getað nýtt sér aðra starfsmenn Rannsóknáþjónustunnar þegar á hefur þurft að halda.
- Áætlunin í heild hefur hins vegar liðið nokkuð fyrir hvernig staðið hefur verið að framkvæmd hennar af hálfu framkvæmdastjórnar ESB, einkum vegna mikillar pappírsvinnu og tafa sem orðið hafa á vali á umsóknum og greiðslu styrkja. Viðhorf þátttakenda og hagsmunaaðila benda til þess að áætlunin hafi jákvæða faglega ímynd en að óánægja ríki með stjórnun hennar. Einkum er síðarnefnda viðhorfið ríkt meðal verkstýrenda tilrauna- og rannsóknaverkefna sem hafa mikil bein samskipti við framkvæmdastjórn ESB. Sá mikli tími sem fer í að meta umsóknir og skýrslur og greiða út styrki hefur torveldað vinnu í verkefnum, skapað óvissu og minnkað traust gagnvart Evrópusambandinu. Einnig skiptir miklu að gegnsæi er ekki mikið hjá þeim stofnunum í Brussel sem sjá um framkvæmdina, þ.e. erfitt getur verið að átta sig á hvert og til hverra á að leita til að fá upplýsingar.
- Aðilar á vegum Rannsóknáþjónustunnar hafa verið þátttakendur og verkstýrendur í Leonardó-verkefnum, einkum tilrauna- og rannsóknaverkefnum. Þar sem Rannsóknáþjónustan er rekstraraðili Landsskrifstofunnar er hættá á að þarna skapist hagsmunaárekstrar, einkum í ljósi þess að starfsmenn Landsskrifstofunnar taka þátt í starfi innlendrar dómnefndar sem gerir frummat á umsóknum og taka þátt í tvíhliða viðræðum við framkvæmdastjórn ESB.
- Í viðtölum við fulltrúa vinnumarkaðar kom fram að sú staðreynd að Landsskrifstofan er rekin af háskólastofnun hafi skapað ákveðna „menningarlega“ fjarlægð við tiltekna markhópa (s.s. ófaglært fólk á vinnumarkaði). Þannig hafi sá „háskólastimpill“ sem hafi verið á Landsskrifstofunni fælt ákveðna aðila frá því að sækja um. Til að eyða tortryggni er mikilvægt að auka formlega þátttöku atvinnulífsins í stjórn Landsskrifstofunnar og virkja samtök á vinnumarkaði betur í að dreifa og miðla upplýsingum til félagasamtaka og fyrirtækja innan vébanda sinna. Þannig geta þau virkað sem brú á milli atvinnulífs og Landsskrifstofu. Þegar hefur verið tekið mikilvægt skref í þessa átt með stofnun Menntar, samstarfsveitvangs atvinnulífs og skóla.
- Samvinna menntamálaráðuneytis og Landsskrifstofu hefur verið óformleg og staðið í tengslum við fundi á vegum framkvæmdastjórnar ESB. Efla þarf þessi tengsl frekar, t.d. með setu fulltrúa menntamálaráðuneytis í stjórn Landsskrifstofunnar. Miklu skiptir að sterk tengsl séu á milli stjórnar Landsskrifstofunnar og faglegra aðila á sviði starfsmenntunar í menntamálaráðuneytinu.
- Landsskrifstofan þarf að tryggja aðgang að tölfræðilegum upplýsingum um þátttöku Íslendinga í mannaskiptum og öðrum verkefnum. Kerfisbundin upplýsingaöflun er forsenda þess að hægt sé að meta árangur af þátttöku

Íslands í Leonardó-áætluninni og undirbúa ákvarðanir um áherslur og stefnumótun. Þessu hefur hingað til verið ábótavant, einkum tölfræði um einstaklinga sem hafa farið utan í starfsþjálfun og nám. Ástæðan fyrir því að gögnum hefur ekki verið safnað saman á kerfisbundinn hátt er að styrkir eru ekki veittir til einstaklinga, heldur til verkefna eða lögaðila, og því hefur gagnaöflun miðast við að skrá fjölda verkefna, ekki einstaklinga. Þeir aðilar sem fá styrki til mannaskipta eiga hins vegar að skila lokaskýrslum til Landsskrifstofunnar og því ætti hún að hafa tækifæri til að afla þessara upplýsinga. Jafnframt þarf að safna upplýsingum um fjölda þeirra sem hingað koma í starfsþjálfun. Erfitt getur þó verið að halda utan um slíkt þar sem erlendir nemendur og kennarar fá styrki frá landsskrifstofu í eigin heimalandi. Ein hugsanleg leið til úrbóta er aukin samvinna og upplýsingamiðlun milli landsskrifstofa. Lítil sem engin gögn liggja heldur fyrir um tilrauna- og rannsóknaverkefni sem Íslendingar taka þátt í sem samstarfsaðilar. Slík verkefni njóta styrkja beint frá ESB og því er mikilvægt að framkvæmdastjórn ESB bæti aðgang að þeim upplýsingum.

Lokaorð

- Styrkur Leonardó-áætlunarinnar hingað til felst fyrst og fremst í þeim jákvæðu menningar-, félags- og þekkingarlegu áhrifum sem hún hefur haft fyrir þátttakendur. Erfitt getur verið að mæla áhrif þessara þátta á starfsmenntun og -þjálfun, einkum í ljósi þess að áherslur og markmið með þátttöku hafa ekki verið nógu skýr. Þó er ljóst er að stór hluti forsvarsmanna fyrirtækja, einkum í tilteknum starfsgreinum, líta svo á að menntun starfsmanna þeirra ráði miklu um samkeppnisstöðu fyrirtækisins. Mörg fyrirtæki líta einnig svo á að reynsla af alþjóðasamstarfi og þekking á menningu og tungumáli annarra landa sé mikilvægur þáttur í menntun. Leonardó-áætlunin veitir nemendum, kennurum og stjórnendum tækifæri á að öðlast slíka reynslu. Stjórnvöld og þeir sem sjá um framkvæmd áætlunarinnar ættu því að stuðla að aukinni þátttöku og jafnframt að skilgreina betur markmið og áherslur. Leonardó-áætlunin mun þá án efa auka gildi sitt í starfsmenntun á Íslandi.

HEIMILDIR

Ársskýrsla Rannsóknáþjónustu Háskólans 1998. Rannsóknáþjónustan. 1999. Reykjavík

Information on and analysis of the current situation of the vocational training system in Iceland and implementation of the Leonardo da Vinci programme in the country. Rannsóknáþjónustan. 1997. Óútgefið.

Landshagir 1999. Hagstofa Íslands. 1999. Reykjavík.

Le Magazine – Education and Culture in Europe. European Commission. Útgáfa nr. 12, 1999. Brussel.

Report for the First Year of Operation: May 1995 to April 1996. Landsskrifstofa Leonardó. Óútgefið.

Report for the Second Year of Operation: May 1996 to April 1997. Landsskrifstofa Leonardó. Óútgefið.

Report for the Third Year of Operation: May 1997 to March 1998. Landsskrifstofa Leonardó. Óútgefið.

Símenntun – afl á nýrri öld. Álit nefndar um símenntun. Menntamálaráðuneytið. 1998. Reykjavík.

Vocational education and training in Iceland. CEDEFOP – European Centre for the Development of Vocational Training. 1999. Thessaloniki.

VIÐAUKI 1

Helstu áherslur í starfsmenntun, og þróun síðustu ára

Starfsmenntun á framhaldsskólastigi

Á árunum 1980 til 1994 fjölgaði nemendum á framhaldsskólastigi um tæp 20% og var aukningin nær öll á bóknámsbrautum á meðan nemendum á starfsnámsbrautum fækkaði. Á þessu tímabili fluttist starfsnám í nokkrum hefðbundnum kvennagreinum af framhaldsskólastigi á háskólastig, svo sem hjúkrunarnám og nám fyrir leikskólakennara og þroskaþjálf. Stjórnvöld hafa á undanförunum árum reynt að bregðast við fækkun nemenda í starfsnámi með breytingum á skipulagi námsins.

Árið 1996 voru samþykkt á Alþingi ný lög um framhaldsskóla. Í lögnum er starfsnámi gerð góð skil og leitast við að byggja upp kerfi sem tryggir áhrif atvinnulífsins á inntak og skipulag náms. Í lögnum er kveðið á um að starfsnám skuli stuðla að almennri menntun nemenda, undirbúa þá til tiltekinna starfa og veita þeim innsýn í hlutverk fyrirtækja og starfsfólks í atvinnulífi. Einnig er náminu ætlað að hvetja nemendur til að viðhalda þekkingu sinni og bæta við hana með endurmenntun eða áframhaldandi námi. Í lögnum er ákvæði um að nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi skuli eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings náms á háskólastigi.

Að undanförunu hefur verið unnið að samningu nýrra aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla. Aðalnámskrá framhaldsskóla tók gildi 1. júní 1999 og eiga skólarnir að hafa aðlagð starfsemi sína að fullu að námskránni eigi síðar en að fimm árum liðnum. Í námskránum eru markaðar nýjar og breyttar áherslur í námi og kennslu og sérstaklega verður leitast við að vanda til námskráargerðar í starfsnámi.

Í lögum um framhaldsskóla segir að inntak og uppbygging náms skuli taka mið af lokamarkmiðum námsins. Með hliðsjón af almennum markmiðum náms í framhaldsskóla má segja að með þessu sé sá rammi sem náminu er settur þrengdur um of. Vandinn við setningu námskrár í starfsnámi er því sá að finna hæfilegt jafnvægi milli almennra og sérhæfðra markmiða en veita nemendum jafnframt alhliða menntun sem nýtist bæði í daglegu lífi og starfi. Auk þess er mikilvægt að námstíminn verði ekki lengri en þörf krefur.

Starfsnám fer fram í skóla og á vinnustað eða eingöngu í skóla. Þótt þróunin hér á landi hafi verið að fjölga þeim starfsnámsleiðum sem hægt er að ljúka að mestu leyti í skóla, þá er vinnustaðaðþjálfun almennt talin mikilvægur þáttur í öllu starfsnámi. Starfsþjálfun í fyrirtækjum hefur þann kost að þjálfar nemendur við aðstæður sem eru um margt sambærilegar þeim sem taka við að loknu námi. Af

Þessum sökum verður lögð áhersla á að námskrágerð taki einnig til náms á vinnustað.

Menntamálaráðherra skipar samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar atvinnulífsins, fulltrúar skólastjórnenda og kennara auk þess sem ráðherra skipar þrjá. Fulltrúar atvinnulífsins mynda meirihluta í nefndinni. Nefndin er menntamálaráðherra til ráðuneytis í stefnumótandi ákvörðunum um starfsnám svo að áherslur í náminu séu í samhengi við atvinnuþróun í landinu á hverjum tíma. Lögð er áhersla á sameiginlega ábyrgð aðila atvinnulífs og hins opinbera á mótun starfsmenntastefnu.

Menntamálaráðherra skipar starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar.¹⁶ Samtök atvinnurekenda og launþega tilnefna fulltrúa í ráðin og auk þess tilnefni ráðherra einn. Starfsgreinaráð skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setur fram markmið starfsnáms. Þau gera tillögur um uppbyggingu starfsnáms, námskrá í sérgreinum námsins svo og tillögur um skiptingu náms í skóla og á vinnustað. Skólarnir bera síðan ábyrgð á fyrirkomulagi náms og framkvæmd námskrárinnar.

Til þess að efla þróunarstarf í starfsnámi er gert ráð fyrir að komið verði á fót kjarnaskólum. Hlutverk kjarnaskóla er að taka frumkvæði í þróun kennsluefnis, kennsluhátta og uppbyggingu náms og aðstoða aðra skóla og fyrirtæki við að efla kennslu og þjálfun í viðkomandi starfsgreinum. Hagsmunaaðilar í iðnaði, s.s. samtök launþega eða atvinnureklenda geta átt aðild að samningum um rekstur slíkra skóla.

Nokkuð hefur verið um það að einstakar atvinnugreinar hafi rekið sinn eigin skóla. Í nokkrum tilvikum hafa slíkir skólar verið viðurkenndir af menntamálaráðuneytinu sem einkaskólar á framhaldsskólastigi. Slík viðurkenning er mikilvægt skref í þá átt að nemendur geti fengið viðkomandi nám metið sem hluta af öðru framhaldsnámi.

Starfstengd símenntun

Efst á baugi stjórnvalda að undanförunu í málefnum starfstengdrar símenntunar hefur verið að marka stefnu, efla samstarf og auka upplýsingar um framboð og umfang starfstengdrar símenntunar.

¹⁶ Á árinu 1998 voru skipuð 14 starfsgreinaráð til fjögurra ára fyrir eftirtaldar starfsgreinar; bygginga- og mannvirkjagreinar, björgunar-, öryggis- og löggæslugreinar, farartækja- og flutningsgreinar, heilbrigðis- og félagsþjónusta, hönnun, listir, handverk, matvæla- og veitingagreinar, málm-, véltækni og framleiðslugreinar, störf á sviði náttúrunýtingar, rafiðngreinar, sjávarútvegs- og siglingagreinar, upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, uppeldis- og tómstundagreinar, verslunar- og skrifstofugreinar og þjónustugreinar.

Í apríl 1997 skipaði ríkisstjórnin nefnd um símenntun með fulltrúum frá ríki, sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins sem var falið að gera yfirlit yfir stöðuna í símenntun hérlendis. Eitt af meginhlutverkum nefndarinnar var að skilgreina ábyrgð og hlutverk ríkisvaldsins annars vegar og aðila vinnumarkaðarins hins vegar. Nefndin skilaði af sér skýrslu í maí 1998. Þar var m.a. lagt til að yfirumsjón símenntunar yrði í höndum eins ráðuneytis, menntamálaráðuneytis, sem bæri ábyrgð á málaflokknum að því er varðar heildarstefnumótun, söfnun og skráningu upplýsinga og eftirlit. Stjórnvöld hafa þegar hrint þessari tillögu í framkvæmd, þ.e. á seinni hluta árs 1998, og er vonast til að breytingin verði til að auka heildarsýn og stefnumótun í málaflokknum. Í skýrslunni voru stjórnvöld jafnframt hvött til að auka samráð við aðila vinnumarkaðarins, fyrirtæki og stofnanir, um stefnumótun og aðgerðir. Áhersla var lögð á að aðilar vinnumarkaðarins ynnu saman að mótun sameiginlegrar stefnu. Einnig var lagt til að stjórnvöld hæfu sérstakt átak til fimm ára, til að auka framboð, eftirspurn og gæði símenntunar á Íslandi. Í framhaldi af því skipaði menntamálaráðherra verkefnisstjórn til að hafa umsjón með slíku átaki.

Formlegum samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla var komið á fót með stofnun Menntar í nóvember 1998, en þar koma saman samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, aðrir fræðsluaðilar á vinnumarkaði og skólar á framhalds- og háskólastigi. Meginhlutverk Menntar er að efna til viðræðna og samráðs milli ofangreindra aðila um starfsmenntamál og hvetja til þátttöku í verkefnum innanlands og á alþjóðlegum grundvelli sem nýst geta skólum, fyrirtækjum og starfsfólki. Mennt annast t.d. framkvæmd ýmissa verkefna sem styðja við starf menntageirans (t.d. viku símenntunar), safnar og dreifir upplýsingum um menntamál og veitir aðilum stuðning sem hafa áhuga á Evrópusamstarfi.

Í samræmi við framhaldsskólalög frá 1996 hefur þegar verið komið á fót miðstöðvum símenntunar í flestum landshlutum. Miðstöðvarnar eru samstarfsverkefni framhaldsskóla, yfirvalda á viðkomandi svæði og aðila í atvinnulífinu. Skólar á háskólastigi innan eða utan viðkomandi landsvæðis hafa einnig tekið virkan þátt í þessu samstarfi. Þetta samstarf hefur þegar skapað ný og aukin námstækifæri á mörgum stöðum á landsbyggðinni. Fjarnám gegnir lykilhlutverki í þessari þróun, en notkun netsins, fjarfunda, og margs konar margmiðlunar hefur stóraukist síðustu árin. Aukið fjarnám mun án efa leiða til þess að menn fara að líta á það nám og þau námskeið sem í boði eru í landinu sem hluta af einu markaðssvæði, óháð staðsetningu skóla.

VIÐAUKI 2

Samningur milli menntamálaráðuneytisins og Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands um rekstur landsskrifstofu Leonardó áætlunarinnar

Menntamálaráðuneytið og Rannsóknþjónusta HÍ gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, fyrir hönd menntamálaráðuneytisins, tekur að sér umsjón með framkvæmd samstarfsáætlunar Evrópusambandsins Leonardó á Íslandi og rekur landskrifstofu áætlunarinnar.

2. gr.

Verkefni þau sem landsskrifstofunni ber að sinna eru talin upp í skjali "Technical tasks related to the implementation of Leonardo at national level. Functions to be assumed by the National Coordination Units.", sem fylgir samningi þessum sem viðauki I. Helstu verkefni sem þar eru nefnd eru:

- Veita upplýsingar um áætlunina;
- Auglýsa umsóknir og aðstoða umsækjendur á margvíslegan hátt;
- Meta umsóknir sem sendar eru landsskrifstofunni og koma rökstuddum forgangslista til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins;
- Sjá um framkvæmd mannaskipta;
- Hafa eftirlit með öllum þáttum áætlunarinnar;
- Dreifa upplýsingum um almennan árangur áætlunarinnar og verkefni sem takast sérstaklega vel;
- Aðstoða við mat á áætluninni.

3. gr.

Rannsóknþjónustan mun kynna Leonardó áætlunina fyrir íslensku atvinnulífi og skólum, veita aðstoð og hvetja til þátttöku í áætluninni. Samstarfsnefnd atvinnulífs og skóla – Sammennt – sem er í umsjá Rannsóknþjónustunnar mun sjá um útfærslu starfseminnar samkvæmt nánara vinnuskipulagi sem ákveðið er af stjórnarnefnd Leonardó áætlunarinnar og að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.

4. gr.

Stjórn Sammenntar er skipuð fulltrúum þátttakenda. Hún er kjörin á árlegum aðalfundi Sammenntar þar sem allir þátttakendur sem greiða framlag til nefndarinnar hafa atkvæðisrétt. Þátttaka í Sammennt er opin öllum fyrirtækjum, stofnunum og skólum sem þess óska og fallast á markmiðssetningu nefndarinnar eins og hún er ákveðin á hverjum tíma á aðalfundi.


5. gr.


Menntamálaráðuneytið veitir fé til Rannsóknþjónustu HÍ til að standa straum af hluta kostnaðar vegna umsjónar með framkvæmd Leonardó áætlunarinnar. Sá kostnaður getur numið allt að þriðjungum af starfseminni. Kostnaðarmat verður byggt á fjárhagsáætlun sem lögð er fram af stjórn Sammenntar. Framlag ráðuneytisins verður sérstaklega afmarkað með viðfangsefni undir fjárlagalið Háskóla Íslands. Til móts við framlag ráðuneytisins koma þátttökugjöld og framlag Háskóla Íslands.

6. gr.

Samningurinn gildir til ársloka 1998 eða jafn lengi og Leonardó áætlunin er starfrækt. Samningurinn er uppsegjanlegur af öðrum hvorum aðila með sex mánaða fyrirvara.

Gert í Reykjavík, 12. apríl 1995


Ólafur G. Einarsson
menntamálaráðherra


Sveinbjörn Björnsson
háskólarektor

VIÐAUKI 3

Lögaðilar sem stóðu að baki Leonardó mannaskiptum 1995-1999

Skólar

| Aðili | Tegund mannaskipta |
|-------------------------------------|--|
| Borgarholtsskóli | Leiðbeinendur og stjórnendur Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Ferðamálastólurinn í Kópavogi | Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra | Leiðbeinendur og stjórnendur Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Fjölbrautarskóli Suðurlands | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Fjölbrautarskóli Suðurnesja | Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Fjölbrautarskóli Vesturlands | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Fjölbrautarskólinn í Breiðholti | Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Háskóli Íslands | Nemendur á háskólastigi Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Háskólinn á Akureyri | Nemendur á háskólastigi |
| Hólaskóli | Nemendur á framhaldsskólastigi Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Hótel- og matvælastólurinn | Leiðbeinendur og stjórnendur Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Iðnskólinn í Hafnarfirði | Leiðbeinendur og stjórnendur Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Iðnskólinn í Reykjavík | Leiðbeinendur og stjórnendur Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Íslenski arkitektaskólinn | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Kennaraháskólinn | Nemendur á háskólastigi |
| Leiklistarskóli Íslands | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Menntaskólinn í Kópavogi | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Menntaskólinn á Egilsstöðum | Nemendur á framhaldsskólastigi Leiðbeinendur og stjórnendur |

| | |
|------------------------------|--------------------------------|
| Myndlista- og handíðaskólinn | Nemendur á háskólastigi |
| Tannsmíðaskólinn | Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Tónlistarskólinn í Reykjavík | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Tækniskóli Íslands | Nemendur á háskólastigi |
| Verkmenntaskóli Austurlands | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Proskapjálfaskóli Íslands | Nemendur á framhaldsskólastigi |

Fyrirtæki

| | |
|------------------------------|--|
| Byggingaráðgjafinn ehf. | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Fjörukráin | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Fótaaðgerðastofa Eyglóar | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Hárgreiðslustofan Hótel Sögu | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Hárgreiðslustofan Venus | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Húsasmiðjan | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Iðntæknistofnun | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Kúttur ehf | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| La Primavera | Nemendur á framhaldsskólastigi Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Prenttæknistofnun | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Salon VEH | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Sjóklæðagerðin | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Skref fyrir skref | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Sól hf. | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Ullarvinnslan Þingborg | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Úrval-Útsýn | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Ömmubakstur | Ungt fólk á vinnumarkaði |

Aðrir aðilar (opinberar stofnanir, fræðsluráð, félög, o.fl.)

| | |
|--|--|
| Atvinnu- og ferðamálastofa Reykjavíkurborgar | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Félag íslenskra gullsmiða | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna | Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Félag meistara og sveina í klæðskeraiðn | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Fræðslumiðstöð bílgreina | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Fræðsluráð byggingariðnaðarins | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Fræðsluráð hótél- og matvælagreina | Nemendur á framhaldsskólastigi Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Fræðsluráð málmíðnaðarins | Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Hárgreiðslumeistarafélag Íslands | Nemendur á framhaldsskólastigi |
| Hitt Húsið | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Ísmennt | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Klúbburinn Geysir | Leiðbeinendur og stjórnendur Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Landssamband bakameistara | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Markaðs- og atvinnuráðgjöf Suðurnesja | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Menningar- og fræðslusamband alþýðu | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Múrarafélag Reykjavíkur | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Náttúruvernd ríkisins | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Samtök iðnaðarins | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Slökkvistöðin í Reykjavík | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Starfsþjálfun fatlaðra | Leiðbeinendur og stjórnendur |
| Umsjónarfélag einhverfra | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar | Ungt fólk á vinnumarkaði |
| Vistaskipti og nám | Leiðbeinendur og stjórnendur Ungt fólk á vinnumarkaði |

VIÐAUKI 4

Íslenskir verkstýrendur Leonardó tilrauna- og rannsóknaverkefna

Verkefni: **Alter ECO - Alternative Technology and Eco-logical lifestyle**

Ár samþykkt: 1995

Verkstýrandi: María Hildur Maack (Kennaraháskóli Íslands)

Heimasíða: www.ismennt.is/vefir/altereco

Verkefni: **Aquafarmer**

Ár samþykkt: 1995

Verkstýrandi: Ragnar Jóhannsson (Iðntæknistofnun)

Heimasíða: www.iti.is

Verkefni: **Dyslexia - Support for Young Adults with Dyslexia**

Ár samþykkt: 1995

Verkstýrandi: Margrét Sigurðardóttir (Íslenska Dyslexíufélagið)

Heimasíða: Engin

Verkefni: **European Regional Vocational Councelling**

Ár samþykkt: 1996

Verkstýrandi: Ólafur Jón Arnbjörnsson (Fjölbrautaskóli Suðurnesja)

Heimasíða: Engin

Verkefni: **European Quality Fish Network**

Ár samþykkt: 1996

Verkstýrandi: Jón Páll Baldvinsson (Háskóli Íslands)

Heimasíða: www.rthj.hi.is/qualityfish

Verkefni: **Multi Mill – Multimedia Language Instruction**

Ár samþykkt: 1996

Verkstýrandi: Axel Gunnlaugsson (Nýherji)

Heimasíða: adgengi.is/multimill

Verkefni: **On the Move**

Ár samþykkt: 1996

Verkstýrandi: Hulda Anna Arnljótsdóttir (Rannsóknþjónusta HÍ)

Heimasíða: www.rthj.hi.is/otm

Verkefni: **DEAL – Distance Education Applied to Life Long Learning**

Ár samþykkt: 1997

Verkstýrandi: Nicholas Hall (Háskólinn í Reykavík)

Heimasíða: Engin

Verkefni: **ESPO – Employability Skills in Non-Professional Occupations**

Ár samþykkt: 1997

Verkstýrandi: Hildur Svavarsdóttir (Rannsóknþjónusta HÍ)

Heimasíða: Engin

Verkefni: **ETAI – Enhancing Teachers’ Ability in Inclusion**

Ár samþykkt: 1997

Verkstýrandi: Rósa Eggertsdóttir (Háskólinn á Akureyri)

Heimasíða: Engin

Verkefni: **Premio – Practical Training in Environmental Management in SME’s**

Ár samþykkt: 1997

Verkstýrandi: Hildur Hrólfsdóttir (Iðntæknistofnun Íslands)

Heimasíða: www.iti.is

Verkefni: **TEMAfish**

Ár samþykkt: 1997

Verkstýrandi: Björn Herbertsson (Vélstjórafélag Íslands)

Heimasíða: www.vsfí.is/temafish

Verkefni: **Guide 2000**

Ár samþykkt: 1998

Verkstýrandi: Rögnvaldur Guðmundsson (Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra)

Heimasíða: www.tno.it/guide2000/index1/htm

Verkefni: **Multimedia**

Ár samþykkt: 1998

Verkstýrandi: Guðbjörg Hildur Kolbeinsdóttir (Háskóli Íslands)

Heimasíða: Engin

Verkefni: **Trainpro**

Ár samþykkt: 1998

Verkstýrandi: Kristinn Guðjónsson

Heimasíða: www.bhs.is/trainpro

Verkefni: **Quality Fish – Environmental Management**

Ár samþykkt: 1998

Verkstýrandi: Jón Páll Baldvinsson (Háskóli Íslands)

Heimasíða: Engin

VIÐAUKI 5

Styrkir til mannaskipta-verkefna og tilrauna- og rannsóknaverkefna undir íslenskri verkstjórn 1995-1999¹⁷ (í evrum).

| | Tegund I.1.2.a | Tegund I.1.2.b | Tegund I.1.2.c | Samtals verkefni í flokki I | Verkefni í flokki II ¹⁸ | Samtals verkefni í flokki I og II |
|----------------------|-------------------|-------------------|------------------|-----------------------------|------------------------------------|-----------------------------------|
| 1995 | 69.681 | 67.885 | 16.515 | 154.081 | 750.925 | 905.006 |
| 1996 | 69.980 | 66.646 | 18.308 | 154.934 | 626.398 | 781.332 |
| 1997 | 69.980 | 68.310 | 16.644 | 154.934 | 814.426 | 969.360 |
| 1998 | 53.000 | 74.947 | 14.199 | 142.146 | 512.365 | 654.511 |
| 1999 | 94.817 | 66.913 | 28.540 | 190.270 | 543.300 | 733.570 |
| Samtals (EVR) | 357.458 | 344.701 | 94.206 | 643.181 | 2.704.114 | 4.043.779 |
| Samtals (ISK) | 25.022.100 | 24.129.100 | 6.594.400 | 45.022.700 | 189.288.000 | 283.065.900 |

¹⁷ Taflan sýnir upphæðir sem Evrópusambandið hefur veitt í styrki til verkefna, óháð því hvort allur styrkurinn hefur í raun verið nýttur. Allar tölur fengnar frá Evrópusambandinu.

¹⁸ Styrkir til tilrauna- og rannsóknaverkefna undir íslenskri verkstjórn og til mannaskiptaverkefna í flokki II.



Menntamálaráðuneytið